

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 256/1995.

Ölfushreppur

(Vilhjálmur Árnason hrl. og

Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Reykjavíkurborg

Seltjarnarneskaupstað

(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)

Bessastaðahreppi

(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Garðabæ

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Grindavíkurbæ

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Kópavogskaupstað

(Þórólfur Kristján Beck hrl.) **og**

Magnúsi Hjaltested

(Þórólfur Kristján Beck hrl.)

og

Kópavogskaupstaður

(Þórólfur Kristján Beck hrl.)

Magnús Hjaltested

(Þórólfur Kristján Beck hrl.)

Garðabær

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.) **og**

Grindavíkurbær

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Ölfushreppi

(Vilhjálmur Árnason hrl. og

Ólafur Axelsson hrl.)

Landamerki. Lögsagnarumdæmi. Sveitarfélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi, Ölfushreppur, skaut málinu til Hæstaréttar með

áfrýjunarstefnu 26. júlí 1995. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að hnekkt verði niðurstöðu hans um landamerki um mörk afrétta frá stöpli á Vífilfelli eftir hæstu tindum Bláfjalla í suðurenda þeirra og þaðan í Litla-Kóngsfell. Hann krefst þess, að landamerkin verði þess í stað dregin frá stöpli á Vífilfelli í Rauðuhnúka, þaðan í Stóra-Kóngsfell og þaðan í Litla-Kóngsfell. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að héraðsdómur verði staðfestur um landamerkjalinu frá Litla-Kóngsfelli í Sýslustein undir Geitahlíð og í sjó fram við Seljabótarnef. Aðaláfrýjandi krefst þess, að stefndu verði í aðalsök gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti in solidum.

Málinu var gagnáfrýjað af hálfu Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested 24. október 1995 og af hálfu Garðabæjar og Grindavíkurbæjar 22. apríl 1996.

Aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður gera þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti. Kröfur þessara aðila varða einungis mörkin úr stöpli á Vífilfelli í suðurenda Bláfjalla.

Gagnáfrýjendur Garðabær og Grindavíkurbær krefjast aðallega staðfestingar þess, að landamerki, sýslu- og sveitarfélagamörk, milli þeirra og aðaláfrýjanda séu bein lína frá suðurenda Bláfjalla í Hvalhnúk, þaðan bein lína í Vesturása, þaðan bein lína í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef. Fyrsta varakrafa þeirra er sú, að merkin verði talin bein lína frá suðurenda Bláfjalla í Hvalhnúk, þaðan bein lína í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef. Önnur varakrafa þeirra lýtur að því, að merkin verði ákveðin bein lína frá suðurenda Bláfjalla í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef. Þriðja varakrafa þeirra er sú, að merkin verði dregin bein lína frá suðurenda Bláfjalla í skurðpunkt beinnar línu frá suðurenda Bláfjalla í Kistufell annars vegar og úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein hins vegar og þaðan bein lína í Seljabótarnef. Í öllum tilvikum er þess krafist, að staðfest verði, að aðaláfrýjandi eigi hvorki landsréttindi né fari með stjórnarsýsluvald norðan eða vestan við þessar línur. Fjórða varakrafa þessara gagnáfrýjenda er sú, að héraðsdómur verði staðfestur að niðurstöðu til. Þá er í allri kröfugerðinni áskilnaður um, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur Kópavogskaupstaður og Magnús Hjaltested krefjast þess í aðalsök, að héraðsdómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Í gagnsök krefjast þeir þess aðallega, að landamerki afréttanna verði ákveðin úr landmælingastöpli við Vífilfell í Ólafsskarð, þaðan í Ólafsskarðshnúk, þaðan í Hácoll, þaðan í Bláfjallahorn og þaðan í Hvalhnúk. Til vara krefjast þeir þess, að línan verði dregin úr landmælingastöpli við Vífilfell, þaðan í Ólafsskarðshnúk, þaðan í Hácoll, þaðan í Bláfjallahorn og þaðan í Hvalhnúk. Til þrautavara krefjast þeir þess, að merkin verði ákveðin um hæstu fjallahryggi úr Vífilfelli um hæstu fjallahryggi í Hácoll og þaðan eins og greinir í aðal- og varakröfu. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnstefndi Ölfushreppur krefst þess, að öllum kröfum í gagnsök verði hafnað og gagnáfrýjendum, hverjum um sig, gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Bessastaðahrepps er ekki haldið uppi vörnum fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Þeirra á meðal eru ljósrit uppdráttar af Íslandi frá sautjándu, átjándu og níttjándu öld og skýrslur frá dönsku landmælingastofnuninni um kortagerð Dana af Íslandi í upphafi þessarar aldar. Þar kemur meðal annars fram, að 12. janúar 1909 sendi landmælingadeild herforingjaráðsins sóknarprestunum í Mosfellsprestakalli, Selvogs- og Krýsuvíkursókn og Arnarbælissókn fyrirspurnir um örnefni og markalínur. Verður hér gerð grein fyrir þeim atriðum í svörum, er einkum varðar þau mörk, sem til álita eru í þessu máli.

Gísli G. Scheving, hreppstjóri í Selvogi, sendi svarbréf 13. febrúar 1909, en sóknarpresturinn þar var þá látinn. Þar segir: „Hreppamörkin milli Selvogs- og Grindavíkur- og Garðahreppa falla saman við sýslumörkin milli Árnes- og Gullbringusýslu og eru eftirfarandi: Frá „Seljabótarnefi“ við sjó beina línu í Kóngsfell og þaðan í Vífilfell. . . Grindarskarðsvegur liggur fyrir norðan Kóngsfell (Kóngsfell). . .“ Í svarbréfi séra Ólafs Magnússonar í Arnarbæli 21. febrúar 1909 er gerð grein fyrir mörkum milli Ölfus- og Selvogshreppa og

fari þau „til norðurs yfir Geitafell í Ólafsskarðshnúk (það er austan við Ólafsskarð) og þaðan í Vífilfell. Hin svonefnda Heiðin há liggur öll Selvogs megin við markalínuna, sömuleiðis Grindaskarðsvegur. Hins vegar liggur markalínan milli Árnassýslu og Gullbringusýslu þvert yfir Grindaskarðsveg.“

Þá hafa verið lagðar fram upplýsingar frá Verkfræðistofunni Forverki ehf. um hæðir fjalla og fjallatoppa á því svæði, sem hér er til álita. Fram kemur, að Vífilfell er 655 m, Háakollur 680 m, suðurendi Bláfjalla 600 m, Rauðuhnúkar 450 m, Stóra-Kóngsfell 602 m, Litla-Kóngsfell 450 m, Kistufell 602 m, Brennisteinsfjöll 560 m, Hvalhnúkur 490 m og Vesturásar 440 m. Í bréfi verkfræðistofunnar 18. september 1966 segir jafnframt, að á beinni línu milli Hákolls og suðurenda Bláfjalla sé hæsti punktur Bláfjalla 702 m.

II.

Með stefnu til héraðsdóms var stefnt til varna í málinu tilteknum aðilum „og öðrum þeim, er telja sig eiga beinan eða óbeinan eignarrétt að landamerkjum þeim, sem fram koma í dómkröfum stefnanda í máli þessu“. Dómkröfur lutu að því, að staðfest yrðu „landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á afréttum. ...“ Málið var hins vegar ekki höfðað sem eignardómsmál á grundvelli ákvæða í réttarfarslögum, og um lagarök er einkum vísað til landamerkjalaga og sveitarstjórnarlaga. Í málinu verður hvorki skorið úr um eignarrétt né inntak þeirra réttinda, er kunna að fylgja niðurstöðu dóms um markalínur.

III.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, eru aðilar sammála um að leggja Vífilfell, Sýslustein undir Geitahlíð og Seljabótarnef til grundvallar sem merkjapunkta. Ágreiningur er um önnur kennileiti. Verður fyrst að skera úr um það, hvort Litla-Kóngsfell eigi að vera merkjapunktur.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir landamerkjabréfi frá 16. febrúar 1980, sem eigendur jarðanna Herdísarvíkur í Árnassýslu og Krýsuvíkur í Gullbringusýslu gerðu ásamt sveitarstjórnnum og sýslunefndum í báðum sýslum og landbúnaðarráðuneytinu sem eiganda ýmissa réttinda í Krýsuvíkurlandi. Bréfið var staðfest af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. sama mánaðar „vegna ákvörðunar

marka lögsagnarumdæma“. Gagnáfrýjandi Grindavíkurbær var aðili að þessu samkomulagi, en gagnáfrýjandi Garðabær ekki. Í 1. gr. landamerkjabréfsins segir svo: „Mörk milli Árnassýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar eru bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells sunnan við Grindaskörð í Sýslustein undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr Sýslusteini til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi.“ 3. gr. er svohljóðandi: „Mörk jarðanna Herdísarvíkur og Krýsuvíkur falla einnig saman við mörk Árnassýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar.“

Ákvörðun marka í landamerkjabréfinu 1980 er í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfum jarðanna Herdísarvíkur og Krýsuvíkur, sem þinglýst var 1889 og 1890. Þar segir, að mörk jarðanna skuli vera úr Kóngsfelli í Seljabótarnef. Vafalaust er, að í hinum gömlu landamerkjabréfum er átt við Litla-Kóngsfell. Þetta kennileiti var í alfaraleið við Grindaskarðsveg og „hefir nafn af því, að fjallkóngur í Selvogi skipti þar á haustum fólki í fjárleitir“, segir séra Jón Vestmann í lýsingu Selvogspinga 1840.

Gagnáfrýjandi Garðabær telur til réttar í málinu á grundvelli lýsingar Almenningsskóga Álftnesinga, sem þinglýst var 1849. Þar er lýst mörkum almennings, sem er álitinn „sjerskilið almennings sameignarland gamlra lögbílisjarða í Álptaneshreppi, ...“ Takmörk eru dregin „... af Húsfelli upp á Þríhnjúka, þaðan á suðurenda Bláfells, á milli afrjetta Álptanes- og Seltjarnarneshreppa. Á milli Gullbríngu og Árnassýslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell. Á milli Álptaneshrepps og almennings og Krýsuvíkur lands af Kistufelli niður á syðra Horn á Fagradalsbrún. ...“ Gagnáfrýjandi Garðabær telur sig óbundinn af landamerkjabréfinu frá 16. febrúar 1980, en með því hafi réttindum verið ráðstafað án samþykkis hans. Samkomulag milli annarra aðila geti ekki hnekkkt mörkum eignarlands Garðabæjar eða staðarmörkum sveitarfélagsins án sérstakrar lagasetningar. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, sem í gildi voru við gerð samkomulagsins 1980, skyldu staðarmörk sveitarfélaga vera „hin sömu og nú eru“, en félagsmálaráðuneytið gat breytt þeim í tengslum við sameiningu eða skiptingu hreppa. Hvorki mátti fækka eða fjölga kaupstöðum og sýslum né breyta mörkum þeirra nema með lögum, sbr. 3. gr. laganna.

Gagnáfrýjandi Grindavíkurbær telur landamerkjabréfið 1980 ógilt

að lögum og geti auk þess ekki bundið sig, þar sem sér hafi ekki verið kunnugt um þau gögn, sem nú liggja fyrir og sýni hin réttu mörk lögsagnarumdæmis bæjarfélagsins. Á það verður ekki fallist, að í málinu séu komin fram einhver þau gögn, sem þessum gagnáfrýjanda mátti ekki vera kunnugt um á árinu 1980 og úrslitum ráði.

Ekki er fram komið, að mörk Gullbringusýslu og Árnessýslu hafi á síðari tímum verið álitin önnur en greinir í hinum þinglýstu landamerkjabréfum frá ofanverðri nítjándu öld. Fram komnar heimildir aðrar en lýsing Almennings-skóga Álftnesinga gefa ekki öruggar vísendingar um það, að sýslumörk hafi verið önnur en frá Litla-Kóngsfelli í Sýslustein undir Geitahlíð og þaðan í sjó fram við Seljabót. Þannig lýsir séra Jón Vestmann vesturmörkum Selvogspinga í Árnessýslu svo, að þau hafi verið úr Kóngsfelli sjónhendingu vestur til Brennisteinsfjalla og um Lyngskjöld í Sýslustein og þaðan í sjó. „Eru þetta og svo takmörk Gullbringusýslu og Krýsuvíkursóknar að austanverðu,“ segir í lýsingunni. Er ekki unnt að líta svo á, að umrætt samkomulag 1980 hafi falið í sér breytingu á staðarmörkum sveitarfélaga eða mörkum lögsagnarumdæma. Ákvæði þágildandi sveitarstjórnarlaga stóðu þannig ekki í vegi þess, að samkomulagið væri gert.

Með hliðsjón af öllu framansögðu og þeirri áréttingu, sem fram kemur í II. kafla dómsins, verður merkjalínan úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein og Seljabót lögð til grundvallar við úrlausn málsins.

IV.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð nokkur grein fyrir kortagerð Björns Gunnlaugssonar yfirkennara um miðja nítjándu öld og athugun Kriegers stiftamtmanns vegna hennar á mörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnessýslu hins vegar. Koma þar einkum til skoðunar lýsingar sýslumannanna Þórðar Sveinbjörns-sonar og Ólafs Hannessonar Finsen. Á það verður þó ekki fallist með héraðsdómi, að yfirvöld hafi þarna verið að ákvarða sýslumörk, en til þess voru þau ekki bær. Aðilar eru sammála um það, að lýsingar sýslumannanna séu meðal mikilvægustu gagna málsins, en aðaláfrýjandi telur markalínuna á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar ekki dregna í samræmi við þessar heimildir að öllu leyti. Þar eru sýslumörk um Vífilsfell, Bláfjöll og austan við Brennisteinsfjöll

dregin í beinni línu. Af gögnum málsins er ljóst, að suðurendi Bláfjalla hefur verið nokkru vestar á uppdrættinum en rétt var. Uppdrátturinn hefur sönnunargildi í málinu eins og aðrar tiltækar og trúverðugar heimildir, en ekki verður tekið undir þá ályktun héraðsdóms, að hann hafi réttaráhrif vegna tómlætis aðila um mótmæli og þess, að menn hafi farið að byggja á honum sem vafalausri heimild. Til þess eru of margir óvissuþættir í landmælingum á síðustu öld, og óvíst er um útbreiðslu og not uppdráttarins.

Á korti dönsku landmælingastofnunarinnar, sem fyrst var gefið út 1909, eru sýslumörk dregin úr Vífilsselli um Rauðuhnúka, Stóra- og Litla-Kóngsfell í Sýslustein undir Geitahlíð og í sjó við Seljabót. Nöfn Rauðuhnúka og Stóra-Kóngsfells eru þó ekki prentuð á uppdráttinn fyrr en í útgáfu 1935, eftir því sem gögn málsins greina. Verður ekki séð, að fyrir þessum merkjapunktum séu sérstakar heimildir frá fyrri tíð. Á korti Landmælinga Íslands, sem gefið var út 1955, kemur fyrst fram sú breyting, að sýslumörk eru dregin úr Vífilsselli um Bláfjallahrygginn í Hákkoll og þaðan í Stóra-Kóngsfell.

Í lýsingu Ölfushrepps 1703 telur Hálfðan Jónsson, að sýslumót fari úr Sýslusteini fyrir sunnan Lyklafell suður „í það stóra bjarg er liggur við veginn í Ólafsskarði, síðan sjónhending í Hvítskeggshvamm. . .“ Skúli Magnússon landfógeti samdi lýsingu á Gullbringu- og Kjósarsýslu á árunum 1782 til 1785, og þar telur hann mörkin um Ólafsskarð og þaðan um Lönguhlíðarfjöll. Aðrar heimildir hafa ekki verið færðar fram fyrir því, að sýslumörk hafi legið um Ólafsskarð eða Ólafsskarðshnúk. Þessar framangreindu lýsingar eru ekki nákvæmar, og er ekki unnt að leggja þær einar sér til grundvallar.

V.

Þau mörk, sem dregin eru í héraðsdómi, eru glögg af völdum náttúrunnar og samrýmast þeim eldri lýsingum, sem einkum verður að líta til. Bláfjallahryggurinn sker sig úr í landslaginu, og er markalína um hann hæstan eðlilegt framhald þess merkjapunkts, sem aðilar eru ásáttir um á Vífilsselli. Þegar lína er dregin úr Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla), skiptir sköpum, að Litla-Kóngsfell hefur verið ákvarðað sem merkjapunktur.

Með hliðsjón af öllu framansögðu og skírskotun til forsendna

hins áfrýjaða dóms að öðru leyti verða landamerki á hinu umdeilda svæði ákveðin hin sömu og niðurstaða héraðsdómsins kveður á um. Eru þau sýnd á meðfylgjandi uppdrætti.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðila beri sinn kostnað málsins.

D ó m s o r ð:

Markalína á hinu umdeilda svæði skal dregin úr stöpli á Víflsfelli eftir hæstu tindum Bláfjalla í Bláfjallahorn, þaðan í Litla-Kóngsfell og þaðan eftir þinglýstri landamerkjalinu í landamerkjabréfi frá 16. febrúar 1980 í Sýslustein undir Geitahlíð og þaðan í sjó fram við Seljabótarnef, allt eftir þeirri hnitasetningu, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 8. maí 1995.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. mars að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með opinberri stefnu, út gefinni 7. júlí 1993, er birt var í 67. tbl. Lögbirtingablaðsins, sem út kom 28. júlí 1993, og þingfest var á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands 8. september 1993, af Ölfushreppi, kt. 420369-7009, gegn Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Seltjarnarneskaupstað, kt. 560269-2429, Kópavogskaupstað, kt. 700169-3759, Garðabæ, kt. 570169-6109, Bessastaðahreppi, kt. 440169-6869, Hafnarfjarðarkaupstað, kt. 590169-7579, Magnúsi Hjaltsted, kt. 280341-2079, og öðrum þeim, er telja sig eiga beinan eða óbeinan eignarrétt að landamerkjum þeim, sem fram koma í dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Grindavíkurbær óskaði eftir því í þinghaldi 23. febrúar 1994 að gerast aðili að málinu með vísan til orðalags í stefnu, þar sem öllum er stefnt, sem telja til beins eða óbeins eignarréttar að umræddu svæði. Hefur lögmaður stefnanda lýst yfir því, að hann sé því samþykkur, að Grindavíkurbær taki til varna í málinu, og jók í þinghaldi 25. maí 1994 við dómkröfur umbjóðanda síns línu, er varðar Grindavík.

Í greinargerðum sínum, er fram voru lagðar 23. febrúar 1994, krafðist lögmaður Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltsted þess, að dómari málsins viki sæti, og einnig, að málinu yrði vísað frá dómi. Með úrskurði, sem kveðinn var upp 31. maí 1994, var hafnað kröfunni um, að dómari málsins viki sæti, og var sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar 23. júní 1994. Í þinghaldi 6. september 1994 féll lögmaður Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltsted frá kröfu sinni um, að málinu yrði vísað frá dómi.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur Ölfushrepps eru þessar:

Að staðfest verði, að landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á afréttum stefnanda annars vegar og stefndu hins vegar liggi frá

Seljabótarnefi	x=692601,91	y=376522,84
til norðurs í Sýslustein	x=692530,30	y=378922,92
og síðan til norðausturs		
um Litla-Kóngsfell	x=682799,02	y=389997,37
Stóra-Kóngsfell	x=679106,83	y=393813,18
Rauðuhnúka	x=676822,64	y=395913,46
og í Vífilfell	x=673735,25	y=397742,27

Að stefndu verði in solidum gert að greiða málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndu borgarstjórnin í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar og bæjarstjórnin á Seltjarnarnesi f. h. Seltjarnarneskaupstaðar gera eftirfarandi kröfur fyrir dómi í aðalsök og gagnsök á hendur Ölfushreppi, Kópavogskaupstað og Magnúsi Hjaltested, en gagnstefna var lögð fram í þinghaldi 31. október 1994, og hefur gagnsakarmál þetta verið sameinað aðalmálinu:

Að staðfest verði með dómi, að landamerki Ölfushrepps og sýslumörk Árnessýslu og þess hluta afréttarlands Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar og Kópavogskaupstaðar, sem ágreiningur er um, verði frá Vífilfelli í suðurenda Bláfjalla, nánar tiltekið með eftirfarandi hnitasetningu:

N	X	Y
66	673736,9	397740,3
1	673420	397420
2	673520	397240
3	673840	397250
4	674450	396760
5	675300	395680
6	675330	395530
7	674550	394250
8	676630	392450
9	678650	390290

Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnstefndu samkvæmt mati dómsins eða síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Aðalstefnandi og gagnstefndi, Ölfushreppur, krefst sýknu af kröfum gagnstefnanda um staðfestingu og ákvörðun á þeim landamerkjum, er í

gagnstefnu greinir. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnstefnenda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi Kópavogskaupstaður og Magnús Hjaltsted gera þær kröfur fyrir dómi, að öllum kröfum stefnanda í aðalsök verði hafnað og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Gagnstefndu Kópavogskaupstaður og Magnús Hjaltsted krefjast sýknu af öllum kröfum Reykjavíkurborgar og Seltjarnaneskaupstaðar að því leyti, sem þær fara í bága við kröfur þeirra í málinu. Þá er krafist málskostnaðar í gagnsökinni úr hendi Reykjavíkurborgar ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Gagnstefna var lögð fram í þinghaldi 31. október 1994 af hálfu Kópavogskaupstaðar gegn Ölfushreppi, og hefur gagnsakarmál þetta verið sameinað aðalmálinu.

Í gagnsökinni gerir Kópavogskaupstaður svofelldar dómkröfur:

Að staðfest verði með dómi, að landamerki afréttanna séu þau, sem fram koma á uppdrætti bæjarverkfræðings Kópavogs á dskj. nr. 107, merkt sem krafa I, sbr. hnitasetningu á uppdrætti bæjarverkfræðings Kópavogs, dags. 25. október 1994, sem lagður er fram með gagnstefnu, en aðalpunktar á þeirri markalínu frá Vífilfelli eru:

úr landmælingastöpli við Vífilfelli	x=673735,25	y=397742,27
þaðan í Ólafsskarð	x=672880	y=396050
þaðan í Ólafsskarðshnúk	x=673440	y=395410
þaðan í Háköll	x=676630	y=392450
þaðan í Bláfjallahorn	x=678650	y=390290
þaðan í Hvalhnúk	x=681560	y=387380

sem er endapunktur á merkjalínunni fyrir landi Kópavogs, og nær gagnkrafan ekki lengra, en framhald línunnar er síðan:

um Vesturása	x=684050	y=385410
Sýslustein	x=692530,30	y=378922,92
og Seljabótarnef	x=692601,91	y=376522,84

Til vara krefst Kópavogskaupstaður þess, að mörkin verði ákveðin á þann hátt, sem þau koma fram á uppdrætti bæjarverkfræðings Kópavogs á dskj. nr. 108, er merkt er sem varakrafa I. Sú markalína gengur:

úr landmælingastöpli við Vífilfell	$x=673735,25$	$y=397742,27$
þaðan í Ólafsskarðshnúk	$x= 673440$	$y=395410$
þaðan í Hákkoll	$x= 676630$	$y=392450$
þaðan í Bláfjallahorn	$x= 678650$	$y=390290$
þaðan í Hvalhnúk	$x= 681560$	$y=387380$

Síðan eru mörkin hin sömu og tilgreind eru í kröfu I, en krafa Kópavogs nær aðeins að Hvalhnúk.

Loks gerir Kópavogskaupstaður þrautavarakröfu um, að mörkin verði staðfest, eins og þau eru tilgreind á dskj. nr. 109, uppdrætti bæjarverkfræðings Kópavogs, sem merktur er varakrafa II. Þrautavarakrafan er miðuð við þá línu, sem komið hefur fram í kortagerð að undanförunu og liggur um hæstu fjallahryggi:

úr Vífilsfelli um hæstu fjalla- hryggi í Hákkoll	$x=673735,25$	$y=397742,27$
	$x=676630$	$y=392450$

Úr Hákkoli eru mörkin hin sömu og í kröfu I og varakröfu I. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnstefnda.

Gagnstefna Magnúsar Hjaltsted gegn Ölfushreppi var lögð fram í þinghaldi 31. október 1994, og hefur gagnsakarmál þetta verið sameinað aðal málinu.

Í gagnsök gerir Magnús Hjaltsted sömu dómkröfur og gerðar eru af hálfu Kópavogsbæjar.

Aðalstefnandi og gagnstefndi, Ölfushreppur, krefst sýknu af kröfum gagnstefnenda Kópavogsbæjar og Magnúsar Hjaltsted um staðfestingu og ákvörðun á þeim landamerkjum, er í gagnstefnum greinir. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnstefnenda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda Bessastaðahrepps eru gerðar svofelldar dómkröfur í aðalsök:

I. Að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á afréttum stefnanda annars vegar og afréttum Bessastaðahrepps hins vegar verði hrundið.

II. Að staðfest verði, að landamerki milli afrétta Bessastaðahrepps (Almenningsskóga Álftnesinga) og afréttar Ölfushrepps (sem jafnframt eru

mörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps) séu frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í Kistufell.

III. Að stefnanda verði gert að greiða Bessastaðahreppi málskostnað skv. mati dómsins eða fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda Garðabæjar eru gerðar svofelldar dómkröfur í aðal-sök:

Aðalkrafa Garðabæjar er sú, að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um legu landamerkja og sveitarfélagamarka á afréttum stefnanda annars vegar og landi Garðabæjar hins vegar verði hafnað og staðfest verði, að landamerki og sveitarfélagamörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps séu bein lína frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í Hvalhnúk og þaðan bein lína í Vesturása og þaðan bein lína í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef.

Fyrsta varakrafa Garðabæjar er sú, að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um legu landamerkja og sveitarfélagamarka á afréttum stefnanda annars vegar og landi Garðabæjar hins vegar verði hafnað og staðfest verði, að landamerki og sveitarfélagamörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps séu bein lína frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í Hvalhnúk og þaðan bein lína í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef.

Önnur varakrafa Garðabæjar er sú, að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um legu landamerkja og sveitarfélagamarka á afréttum stefnanda annars vegar og landi Garðabæjar hins vegar verði hafnað og staðfest verði, að landamerki og sveitarfélagamörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps séu bein lína frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef.

Priðja varakrafa Garðabæjar er sú, að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um legu landamerkja og sveitarfélagamarka á afréttum stefnanda annars vegar og landi Garðabæjar hins vegar verði hafnað og staðfest verði, að landamerki og sveitarfélagamörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps séu bein lína frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í skurðpunkt beinnar línu, sem dregin verði frá Bláfjallahorni í Kistufell, og beinnar línu, sem dregin verði úr Kistufelli í Sýslustein, en þaðan bein lína í Sýslustein, og þaðan bein lína í Seljabótarnef.

Fjórdða varakrafa Garðabæjar er sú, að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um legu landamerkja og sveitarfélagamarka á afréttum stefnanda annars vegar og landi Garðabæjar hins vegar verði hafnað og staðfest verði, að landamerki og sveitarfélagamörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps séu bein lína frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í Litla-Kóngsfell og þaðan bein lína í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef. Í öllum tilvikum er þess krafist, að staðfest verði, að Ölfushreppur eigi hvorki landréttindi né

stjórnsýsluréttindi norðan eða vestan við þá línu, og jafnframt, að stefnanda verði gert að greiða málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðar- reikningi eða skv. mati dómsins.

Með gagnstefnu, sem lögð var fram í þinghaldi 31. október 1994 með samþykki aðalstefnanda, gagnstefndi bæjarstjórinn í Garðabæ Ölfushreppi, Kópavogskaupstað og Hafnarfjarðarkaupstað, og hefur gagnsakarmál þetta verið sameinað aðalmálinu.

Í gagnsökinni eru af hálfu Garðabæjar gerðar sömu kröfur og í aðalsök, nema hvað merkjapunktur eru hnitsettir sem hér segir:

Aðalkrafa:

N	X	Y
9	678650	390290
10	681550	387400
11	684050	385400
32	692530,30	378922,92
31	692601,91	376522,84

Fyrsta varakrafa:

N	X	Y
9	678650	390290
10	681550	387400
32	692530,30	378922,92
31	692601,91	376522,84

Önnur varakrafa:

N	X	Y
9	678659	390290
32	692530,30	378922,92
31	692601,91	376522,84

Þriðja varakrafa:

N	X	Y
9	678650	390290
13	684914	387590

32	692530,30	378922,92
31	692601,91	376522,84

Fjórða varakrafa:

N	X	Y
9	678650	390290
33	682799,02	389997,37
32	692530,30	378922,92
31	692601,91	376522,84

Af hálfu stefnda Grindavíkurbæjar eru gerðar sömu dómkröfur í aðalsök og gagnsök og gerðar eru af hálfu Garðabæjar, en gagnstefna Grindavíkurbæjar gegn Ölfushreppi, Kópavogskaupstað og Hafnarfjarðarkaupstað var lögð fram í þinghaldi 31. október 1994 með samþykki aðalstefnanda, og hefur gagnsakarmál þetta verið sameinað aðalmálinu.

Gagnstefndi, Ölfushreppur, gerir þær dómkröfur í gagnsök, að hann verði sýknaður af kröfum gagnstefnenda Garðabæjar og Grindavíkurbæjar, bæði aðalkröfu þeirra og varakröfum, um staðfestingu á landamerkjum og mörkum sveitarfélaga, er í gagnstefnu greinir. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnstefnenda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Kópavogskaupstaður krefst sýknu af öllum kröfum Garðabæjar og Grindavíkurbæjar að því leyti, er þær fara í bága við kröfur Kópavogskaupstaðar í málinu.

Aðalkrafa og varakröfur Hafnarfjarðarkaupstaðar eru samhljóða kröfugerðum Garðabæjar og Grindavíkurbæjar í aðalsök.

Í þinghaldi 18. nóvember 1994 féllu Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður frá málskostnaðarkröfum á hendur Kópavogskaupstað og Magnúsi Hjaltested, og á sama hátt féllu þeir aðilar frá kröfum um málskostnað úr hendi Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar.

Í þinghaldi 14. mars sl. var lýst yfir því af hálfu umboðsmanna Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested, að leggja bæri til grundvallar, að rétt hnitsetning á punkti merktum 36 á dómskjali nr. 128, „Stöpli á Vífilsfelli“, sé (X=673735,25, Y=397742,27). Þá séu einnig lagðar til grundvallar í málinu hnitatölur stefnanda í aðalsök á punktum nr. 31 – 36 á sama dómskjali, en að öðru leyti sé miðað við hnitatölur varnaraðila í aðalsök.

Málavextir.

Sveitarstjóri Ölfushrepps hefur stefnt sveitarfélögunum, sem eiga landsréttindi og lögsögu að Ölfushreppi á svæðinu frá Vífilfellu að Selvogi, og gert kröfur um ákvörðun landamerkja milli afrétta þessara sveitarfélaga, en jafnframt er um að ræða mörk Ölfushrepps (Árnessýslu) annars vegar og sveitarfélaganna fyrir vestan hins vegar.

Landamerki Árnessýslu (áður Selvogshrepps og Ölfushrepps) og sveitarfélaganna vestan fjalls í Gullbringu- og Kjósarsýslu liggja um afrétt. Elstu og algengustu not þessara afrétta hafa trúlega verið beit fyrir búpening, nýttjar af viði eða skógi og fuglaveiði.

Ölfushreppur hefur talið sig hafa eignarrétt að afréttarlandi sínu og litíð svo á, að sá réttur helgaðist af hefð og venjum frá ómunatíð. Er í því sambandi bent á ýmis atriði, svo sem eign og viðhald sæluhúsa og vegaviðhald langleiðina að Lyklafelli, sem Ölfushreppur hafi kostað, en ekki sýslu- eða landssjóður, að því er séð verið.

Árið 1893 lýstu hreppsnefndarmenn Ölfushrepps yfir því fyrir sýslumanni vegna útmælinga á landskika á afrétti þeirra, að afréttarlandið væri hreppsins eign. Síðan, þegar byrjað var á námi og töku efnis til vegagerðar og mannvirkja úr afréttinum, hefur stefnanda verið greitt endurgjald fyrir efnistöku.

Allt frá fjórða áratug þessarar aldar leigði Ölfushreppur (þá Selvogshreppur) Glímufélaginu Ármanni land í Jósepsdal til skíðaiðkana þar í dalnum svo og til byggingar skíðaskála, og greiddi félagið landleigu fyrir. Skálinn í Jósepsdal var vígður árið 1936. Árið 1939 gaf Ölfushreppur (þá Selvogshreppur) Íþróttafélagi Reykjavíkur landspildu úr afréttinum með samþykki sýslunefndar. Hinn 25. febrúar 1968 seldi Ölfushreppur (þá Selvogshreppur) skíðadeild Íþróttafélagsins Ármanns land á leigu til fimm ára, og náði það til Jósepsdals og Bláfjalla allt suður í Heiðina há. Náttúruverndarráð lýsti Bláfjallasvæðið fólkvang með auglýsingu í Lögbirtinga- blaðinu 24. nóvember 1972.

Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður telja sig einnig eiga réttindi á hluta þessa svæðis, sem um er deilt, þ. e. frá Vífilfellu, í suðurenda Bláfjalla, en þar fyrir vestan er um að ræða sameiginlegt afréttarland, sem þeir aðilar telja vera innan lögsögu Reykjavíkur, Seltjarnarness og Kópavogs.

Meginhluti þess lands, sem kaupstaðirnir þrír, Reykjavík, Seltjarnarnes og Kópavogur, byggja í dag, var í Seltjarnarneshreppi hinum forna. Jarðir þær, sem voru innan hreppsins, áttu sameiginlegan afrétt, sem sveitarfélögin þrjú gera tilkall til. Seltjarnarneshreppur hinn forni skertist smám saman, eftir að Reykjavík fékk kaupstaðaréttindi, einkum þannig, að jarð-

ir, sem áður voru í hreppnum, voru lagðar undir lögsögu Reykjavíkur. Þá var Kópavogslandi skipt úr Seltjarnarneshreppi 1948. Hefur það verið óumdeilt, að afréttur sá, er hér um ræðir, fylgdi sveitarfélögunum þremur og að hann lægi að Mosfellsbæ að norðan, Árnassýslu (Ölfushreppi) að austan og Almenningskógum Álftnesinga að sunnan.

Á árunum 1891 – 1892 urðu málaferli milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps annars vegar og Guðmundar bónda Magnússonar í Elliðakoti hins vegar út af ágreiningi um mörk afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps gagnvart Helliskoti (Elliðakoti). Málið var rekið fyrir merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu, og varð endanleg niðurstaða fengin með dómi, sem kveðinn var upp 12. apríl 1892. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað, svo að vitað sé. Samkvæmt niðurstöðu þessa dóms eru mörk afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarness (og seinna Kópavogsbæjar) gagnvart Mosfellsbæ „frá sýslumörkum eftir árfarvegi Lyklafellsárinnar“.

Ölfushreppur á lögsögu að fleiri sveitarfélögum á vestur- og norðurmörkum sínum en þeim, sem eru aðilar að dómsmáli þessu, þ. e. Grafningshreppi og Mosfellsbæ. Gert var áður sérstakt samkomulag þessara sveitarfélaga um landamerki frá Borgarhólum í Sýslubúfu, Sýslusteina og Vífilfell. Sýslumörkin frá Lyklafellsá í Vífilfell eru nú óumdeild gagnvart Ölfushreppi.

Heimildir greina frá umfjöllun um þessi umdeildu landamerki á liðnum öldum. Má þar nefna lýsingu Ölfushrepps árið 1703 eftir Hálfðan Jónsson, lögréttumann á Reykjum í Ölfusi, svo og upplýsingar um sýslumörk milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnassýslu hins vegar í sambandi við kortagerð Björns Gunnlaugssonar yfirkennara, en hann gerði kort af Íslandi fyrir Hið íslenska bókmenntafélag á árunum upp úr 1830.

Tilraunir hafa verið gerðar til þess að leysa ágreining um landamerkin með samningum, og hefur það tekist að hluta. Í fyrsta lagi komu Ölfushreppur (þá Selvogshreppur) og aðrir aðilar sér saman um, að mörk milli Selvogshrepps (nú Ölfushrepps) og Grindavíkurkaupstaðar væru frá hápunkti Litla-Kónsells, sunnan við Grindaskörð, í Sýslusteina undir Geitahlíðum og þaðan í beinni línu til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi. Var þetta samkomulag staðfest af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. mars 1980. Í öðru lagi voru með samningi réttira aðila, sem dagsettur er 23. janúar 1991, staðfest landamerki milli Ölfushrepps og Grafningshrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og eigenda jarðarinnar Miðdals hins vegar frá Vífilfelli í norðaustur að Sæluhústöft á Moldbrekkum á mörkum Grafningshrepps, Mosfellsbæjar og Þingvallahrepps, skammt frá Þingvallavegi.

Hins vegar hefur ekki náðst samkomulag um það, hver landamerkin séu frá Litla-Kóngsfelli í Vífilsfell.

Hluti hins umdeilda lands er svokallað Kóngsland. Er því lýst í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703. Þar segir:

„Þá kemur Garðastaðarland og selstaða. Þar fyrir norðan tekur við það, sem Innnesingar kalla Kóngsland, gengur það norður og austur með fjöllunum inn að Elliðaám og upp undir Helligheiði, fyrir ofan Vífilsstaði, Urríðakot, Elliðavatn og hina aðra bæina. Er þetta land eigi sjerdeilis Kóngsland, þó það so kallað sje, heldur er það so sem afrjettur eður óskipt land þeirra Kóngsjarðanna, sem liggja upp og inn undan Álftanesi.“

Prófessor Magnús Már Lárusson lýsir þessu landsvæði nánar í skýrslu, dags. 7. sept. 1965. Þar segir hann, eftir að hafa tilfært ofanritaða lýsingu úr jarðabókinni:

„Síðan getur þessa Kóngslands iðulega í heimildum 18. og 19. aldar. Afrétturinn um Sandskeið og Fóelluvötn norður og austur að sýslumörkum virðist vera nyrsti hluti þessa Kóngslands, en svæði austur og suðaustur af Helgafelli, sem nú er óljóst um eignarhald á, er syðsti hluti landsins eða gæti verið, en Elliðavatn og Vatnsendi telja sér miðbikið af landi þessu með merkjalýsingum sínum 1883.“

Merkjalýsingum Elliðavatns og Vatnsenda frá 1883 hefur aldrei verið þinglýst. Báðar ganga þær inn á hið svonefnda Kóngsland, þ. e. afréttarland Seltjarnarneshrepps hins forna, og merkjalýsing Vatnsenda gengur töluvert inn á syðri hluta Kóngslandsins, sem er hluti Almenningskóga Álftnesinga, sem þinglýst var 1849.

Syðsti hluti Kóngslandsins, þ. e. svæðið austur og suðaustur af Helgafelli, er svokallaðir Almenningskógar Álftnesinga, en mörk þessi voru ákveðin að boði stiftamtmanns með merkjalýsingu, sem var þinglýst á manntalsþingi í Görðum á Álftanesi 22. júní 1849. Þar segir: „... með því að mér er á hendur falið í bréfi til mín af 19. júní næstliðið ár frá viðkomandi herra sýslumanni (Th. Guðmundsson) að boði stiftamtmanns umsjón þess almennings, sem er að finna í Álptaneshreppi, þá orsakast jeg til að lýsa þess almennings takmörkum fyrir alþýðu á manntalsfundinum í Görðum innan sama hrepps, sem ég veit glöggast fráskiðið annara eignum og er því að álíta sjerskiðið almennings sameignarland gamlra lögbflisjarða í Álptaneshreppi, hvers takmörk eru þessi“. Síðan er mörkunum lýst, og segir þar um mörk landsins að norðanverðu: „... af Húsfelli upp á Þríhnjúka, þaðan á suður-enda Bláfells, á milli afrétta Álptanes- og Seltjarnarneshrepps“. Eftir að lýsingu markanna lýkur, segir svo í bréfinu: „Þetta ofantalið afrjettar og almenningsland, sem er að finna fráskiðið annara eignum, lísi jeg til rjettarins

fullkonnari úrskurðar gamallra lögbýlisjarða afrjettar að öðru nafni almenningssland í Álftaneshreppi með öllum þeim herlegheitum, sem þar er að finna.“

Þessar tvær lýsingar á Kóngslandi frá árunum 1703 og 1849, sem tilfærðar eru hér að framan, telja aðalstefndu bera það með sér, að land þetta sé allt afréttur, óskipt land eða sameignarland jarðanna, sem liggja upp og inn undan Álftanesi, þ. e. jarðanna í Seltjarnarnes- og Álftaneshreppi (Innes = Seltjarnarnes og Álftanes), sbr. lýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu 1852 eftir Þórð Jónasson sýslumann.

Í merkjalýsingu syðsta hluta Kóngslandsins frá árinu 1849 kemur fram, að sá hluti afréttarins er sameiginlegt land lögbýlisjarðanna í Álftaneshreppi, enn fremur, að fyrir norðan þetta afréttar- eða almenningssland er afréttur Seltjarnarneshrepps, þ. e. norðan línu, sem dregin er úr Húsfelli um Þríhnjúka og þaðan á suðurenda Bláfjalla, eins og segir í merkjalýsingunni.

Telja stefndu Reykjavík, Seltjarnarnes og Kópavogur, að afréttur Seltjarnarneshrepps á þessum tíma, þ. e. um 1850, hafi náð yfir allt svæðið frá línunni úr Húsfelli um Þríhnjúka og á suðurenda Bláfjalla og norður og austur með fjöllum inn að Elliðaám (eða að Lyklafellsá, sbr. landamerkjadóm frá árinu 1892) og allt þetta svæði sé sameiginlegur afréttur jarðanna í Seltjarnarneshreppi á sama hátt og syðsti hluti Kóngslandsins var sameiginlegt afréttarland jarðanna í Álftaneshreppi, eins og kemur fram í lýsingum hér að framan.

Mörk afréttarins, eins og Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður telja þau vera, koma fram á uppdrætti verkfræðistofunnar Forverks hf., dags. í apríl 1991. Lýsir uppdrátturinn greinilega því svæði, sem hagsmunir þeirra taka til, þ. e. frá sýslumörkum við árfarveg Lyklafellsár í suðurenda Bláfjalla, en landamerki frá árfarvegi Lyklafellsár í Vífilfell eru ágreiningslaus, eins og fyrr segir.

Björn Gunnlaugsson yfirkennari ritaði L. A. Krieger stiftamtmani bréf 27. desember 1831 og fór þess á leit, að stiftamtmaður gæfi sér upplýsingar um rétt sýslumörk milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnessýslu hins vegar vegna landmælinga og kortagerðar á vegum Hins íslenska bókmenntafélags. Stiftamtmaður leitaði svara hjá sýslumönnum í báðum sýslunum, en þess var helst að vænta, að þeir sýslumenn vissu manna best, hvar þessi mörk væru.

Sýslumaður í Árnessýslu árin 1822-1834 var Þórður Sveinbjörnsson, og hafði hann gegnt því embætti í u. þ. b. tíu ár, þegar hann svaraði bréfi stiftamtmanns 11. janúar 1832. Í bréfi hans segir orðrétt um mörkin:

„Herr Adjunct Gunnlögen vil saaledes a dato puncto ad datum

punctum kunde udfinde den rette Linie, som her antages at være følgende: Fra sysslusteinar under Geitahlyd over Fieldet i Nærheden af Vifilfell til den Store Steen ved den østlige Ende af Liklafell, ogsaa kaldes Syslusteinn, derfra til Borgarholar paa den saakaldte Mosfellsheide ...“

Ólafur Hannesson Finsen yfirdómari var settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1818, en fékk sýsluna þremur árum síðar og gegndi sýslumannsembætti til ársins 1834. Hann hafði því gegnt embættinu u. þ. b. fjórtán ár, þegar hann svaraði bréfi stiftamtmanns 12. apríl 1832.

Finsen sýslumaður var hér, eins og starfsbróðir hans í Árnassýslu, að svara formlegri fyrirspurn stiftamtmanns og hlaut því að gera það eftir bestu getu og samvisku. Ekki var um að ræða athugasemdir eða andsvör við lýsingu Þórðar sýslumanns í Árnassýslu, heldur má þvert á móti segja að lýsingum þeirra tveggja beri saman í höfuðatriðum. Í bréfi Finsens sýslumanns segir orðrétt:

„I følge flere mundtlige Oplysninger jeg har søgt at erhverve denne Gienstand ang(aaende) var de upgivne Grændser nord fra ligetil Borgarholar hos de fleste aldeles overensstemmende ligesom det aldrig har været Tvivl underkastet at det sydligste Mærke er de saakaldte „Syslusteinar“, imellem Krisevig og Herdysarvig sønden for den Fieldegn som adskiller Sysseleerne: men derfra til Borgarhólar er det eneste som der haves forskiellige Sagn om, og skulde Liklafell udgiøre Markeskiellet herimellem, vil grændserne derved blive i aldeles ulige Retning, og skulde Vifilfell antages at være det nærmeste Mærke paa Sydsiden, udgiører dermed en spids Winkel. – I midlertid er det af ingen synderlig Vigtighed hvorledes Grændserne afskilles imellem förbente Sysler, naar blot Kiose og Gullbringesysseler reserveres deres hidtil, i det mindste ved Brug i umindelige Tider erhvervede Ret til Afretsbrug eller Græsning for deres Kreaturer i alle Fieldegne som adskiller begge Sysseleernes Böigdelaug.“

Björn Gunnlaugsson virðist hafa farið eftir þessum heimildum við gerð uppdráttu af þessu svæði árin 1831-1832 og einnig við útgáfu korta árin 1844 og 1849, en á kortum Björns er merkjalínan nánast bein lína frá Sýslusteinum undir Geitahlíð og í Vífilsfell, að því er best verður séð.

Um vinnubrögð Björns Gunnlaugssonar við kortagerðina má lesa í Kortasögu Íslands eftir Harald Sigurðsson Þar segir Björn í bréfi:

„Den nøjagtige, kostbare Bestemmelse af enkelte faa Punckter er til ingen Nytt, naar Tusinde andre langt vigtigere maa tegnes paa Frihaand og endnu andre gandske ubeset efter blotte Sagn.“

Björn dregur landamerkjalinuna eftir lýsingu áður nefndra sýslumanna frá Vífilfell til suðurs eftir endilöngum Bláfjöllum.

Fyrir dóminn kom sem vitni Bragi Jóhannesson landmælingamaður. Staðfesti hann undirskrift sína á dskj. 145, er fjallar um kort Björns Gunnlaugssonar, en þar segir:

„...Þótt meðalskekkja mælistöðvanna sé aðeins ± 59 m, reyndist margt, sem dregið var á kort Björns, svo sem mörg fjöll og ströndin sums staðar, vera mjög ónákvæmt staðsett. Til dæmis eru Vífilfell og norðurhluti Bláfjalla nokkuð rétt staðsett, en suðurhluti Bláfjalla hefur snúist verulega til vesturs og fjöllin eru afar gróflega teiknuð. Seljabótarnef er rangt staðsett um tæpa 2 km til aust-suðausturs og má áætla að svipað gildi um Sýslustein.“

Í framburði vitnisins Sigurhjartar Pálmasonar verkfræðings kom fram, er vitnið var spurt um nákvæmni korta Björns Gunnlaugssonar:

„... vísar hann til þess er Björn hafi sjálfur sagt, að kortið væri misnákvæmt og væri bæði eftir mælingum og síðan teiknað fríhendis og eftir sögusögnum annarra. Leggur mætti áherslu á að kennileiti, sem mörk væru miðuð við, væru sem réttast tilgreind, en hins vegar gæti staðsetning þeirra verið misnákvæm.“

Pegar undir vitnið var borin sú staðhæfing mælingamanna Hnits hf., að samkvæmt korti Björns væri sýslumarkalínan nánast bein lína, segir vitnið:

„...þá byggist það á því, að suðurendi Bláfjalla snúi ekki rétt á korti Björns Gunnlaugssonar á dskj. 144, suðurendinn eigi að vera austar“.

Þórarinn Snorrason, bóndi í Vogsósum, sem var oddviti Selvogshrepps rösk 30 ár, kom fyrir dóminn og bar, að hann hefði aldrei annað heyrt en að mörkin milli sýslanna lægju frá Seljabótarnefi um Sýslustein, Litla-Kónsfell, Stóra-Kónsfell, Rauðuhjúka og í Vífilfell. Hann sagði smalamennsku hafa verið hagað í samræmi við þetta, þannig, að svokölluð norðurleit hefði farið að Litla-Kónsfelli og þaðan að Stóra-Kónsfelli og Rauðuhjúkum. Hann hafi verið fjallkóngur í norðurleitinni um langt árabil. Önnur leit var kölluð Bláfjallaleit, og mættust þessir leitarflokkar venjulega á Bláfjallasvæðinu. Hann sagði mörk Selvogshrepps og Ölfushrepps hafa endað í Vífilfellstoppi.

Af hálfu aðalstefnda Magnúsar Hjaltsted, bónda að Vatnsenda, var lögð fram aðilaskýrsla. Magnús kom fyrir dóminn og staðfesti skýrsluna. Kemur fram í skýrslu hans og framburði, að af hálfu Reykvíkinga og Seltirninga

var smalamennska á þessu svæði í tvennu lagi. Önnur leitinn fór í suðurkant leitarsvæðisins, en þá var farið inn eftir landi, sem kallað var, þar sem voru svokallaðar Rauðuskriður, og inn um skarð ómerkt á korti í Rauðuhnjúka. Farið var inn með Bláfjöllum, þar sem nú standa skálarnir í Bláfjöllum, og alltaf upp á brún á Heiðinni há og inn á Heiðina há, ef þar sást til kinda. Síðan var farið til baka og Vífilsfellskrókur smalaður og mætt þar á Vífilsfellsöxl smalamanni, er kom úr hinni leitinni úr Sauðadölum.

Hin leitinn, er Magnús getur um, fór í Jósepsdal og Sauðadali. Var þá farið inn í Jósepsdal um mynni dalsins og hann smalaður, og var þá reynt að hóast á við Selvogsing, sem var uppi á brúninni fyrir botni Jósepsdals. Síðan var farið upp Ólafsskarð og umhverfis hnjúkana, en hæsti hnjúkurinn nefnist Blákollur. Þegar komið var niður með Draugahlíðum, fór einn maður upp á Vífilsfellsöxl og beið þar þeirra, er komu úr Rauðuhnjúkum.

Fyrir dóminn kom sem vitni Axel Þórir Gestsson. Vitnið er fætt í Reykjahlíð í Reykjavík og vann við búskap föður síns, sem einnig var með fjárbúskap að Lækjarbotnum og Elliðavatni. Sagðist vitnið hafa verið í göngum á þessu svæði um tuttugu ára tímabil frá árinu 1942. Í frásögn vitnisins kemur fram, að farið hafi verið í tvær leitir á Bláfjallasvæðinu. Var önnur leitinn kölluð Rauðuhnjúkaleit en hin Sauðadalaleit. Um Rauðuhnjúkaleitina segir vitnið, að farið hafi verið frá Sandskeiði og vestur og suður fyrir Rauðuhnjúka og Stóra-Kóngsfell og þaðan upp á heiðarbrúnina við enda Bláfjalla. Þar hafi verið staðnæmst og ekki farið lengra, nema fé sæist á heiðinni, en annars hefði Heiðin há ekki verið smöluð af þeim. Þegar þarna var komið, var leitinni skipt, og fór einn maður norður með skriðunum og smalaði fé í hlíðum Bláfjalla. Annar maður hefði farið að Rauðuhnjúkum og sá þriðji vestur að Stóra-Kóngsfelli. Vitnið sagði, að í haustleitum hefði mest af fénu verið komið niður að Rauðuhnjúkum, ef kalt var orðið, en annars hefði féð getað verið dreifðara.

Um Sauðadalaleitina sagði vitnið, að þá hefði verið farið inn um Lágaskarð, þar sem bílvegurinn liggur nú, og síðan austur um Ólafsskarð.

Málsástæður.

Af hálfu aðalstefnanda, Ölfushrepps, er lögð á það áhersla, að ekki sé vitað til þess, að nein andmæli hafi á liðnum öldum komið fram gegn eignarrétti hans á þessum afrétti fyrr en á allra síðustu árum. Ölfushreppur telur, að andmæli þessi af hálfu sveitarfélaga vestan fjalls í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi ekki raskað á neinn hátt eignarrétti hans að afréttinum, þ. á m. á Bláfjallasvæðinu. Vegna andmælanna beri hins vegar nauðsyn til þess að fá mörk afréttarins staðfest og þar með mörk milli sveitarfélaganna

í eitt skipti fyrir öll með dómi, svo sem raunar sé skylt samkvæmt lögum um landamerki nr. 41/1919 og sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986.

Aðalstefnandi, Ölfushreppur, vísar til þess, að í upphafi 1. málsgreinar 1. greinar núgildandi laga um landamerki segi orðrétt: „Þar sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sé við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrétti eða lendu ...“

Aðalstefnandi miðar við hið tilvitnaða lagaákvæði, svo og við 1. málsgrein, sbr. 3. málsgrein 3. greinar sveitarstjórnarlaga. Lítur hann svo á, að þar sem aðila greini jafnt á um landamerki í einkaréttarskilningi sem um stjórnsýslumörk, heyrir ágreiningsefnið undir dómstóla. Hafi hann því stefnt máli þessu fyrir Héraðsdóm Suðurlands með vísun til 2. málsgreinar, sbr. 1. málsgrein 34. greinar laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Aðalstefnandi telur, að ekki séu beinar heimildir um upphaf landamerkjá þeirra, sem um er deilt í máli þessu, en álitur, að það megi rekja allt til landnáms- og þjóðveldisaldar. Mörkum afrétta og stjórnsýslumörkum hafi almennt ekki verið skipað með settum lögum, og því verði að leita annarra heimilda um hin umdeildu landamerki, þegar staðfesta skuli, hvar þau liggi.

Í flestum landamerkjámálum munu þinglýst landamerkjabréf hafa mesta þýðingu sem sönnunargögn um landamerki. Í þessu máli sé hins vegar ekki um slíkar heimildir að ræða, og verði því að styðjast við lýsingar á þessum merkjum frá ýmsum tímum og skýra þær og túlka í samræmi við landamerkjälög. Í landamerkjälögum, bæði eldri lögum og þeim, sem nú eru í gildi, svo og í landamerkjabréfum séu í fyrsta lagi örnefni eða náttúruleg landamerki og í öðru lagi bein lína eða sjónhending þau atriði, sem oftast séu lögð til grundvallar. Svo sé og í þeim lýsingum, sem kunnar eru og varði mörk milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnassýslu hins vegar.

Aðalstefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að lýsingar sýslumanna á nítjándu öld ásamt landakorti Björns Gunnlaugssonar gefi rétta mynd af sýslumörkum, eins og þau hafi verið frá ómunatíð. Sýslumarkalýsingarnar séu einkum lýsingar sýslumannanna Þórðar Sveinbjörnssonar og Ólafs Hannessonar Finsen.

Af lýsingu Þórðar sýslumanns dregur aðalstefnandi þá ályktun, sem hann byggir á, að mörk milli sýslanna liggi frá Sýslusteinum undir Geitahlíð yfir fjallið nálægt Vífilsfelli í hinn stóra stein við austurenda Lyklafells o. s. frv.

Það sé óumdeilt, hvar Sýslusteinarnir undir Geitahlíðum séu. Fjallið í nálægð Vífilfells, segir stefnandi, geti einna helst verið Stóra-Kóngsfell, og séu mörk þau, er sýslumaðurinn lýsir, þá því sem næst bein lína frá Sýslusteinum undir Geitahlíð um Stóra-Kóngsfell í svonefndan Sýslustein austan Lyklafells. Stefnandi leggur áherslu á það, að í lýsingunni sé talað um fjall í eintölu, en ekki fjöll eða fjallahrygg. Það megi því ljóst vera, telur stefnandi, að ekki geti verið um Bláfjöll eða Bláfjallahrygg að ræða á þeirri merkjalínu, sem sýslumaður hér lýsti.

Í svari Ólafs H. Finsen sýslumanns segir, að það hafi aldrei verið dregið í efa, að Sýslusteinarnir (undir Geitahlíð) milli Krýsuvíkur og Herdísarvíkur séu á sýslumörkunum. Hann gerir og þá athugasemd, að sé Lyklafell á landamerkjum og eigi Vífilfell að vera næsta landamerki, þá myndist hvasst horn á merkjalínunni. Með þessu virðist hann eiga við, að línan fari um Sýslustein, austan við Lyklafell, eins og Þórður sýslumaður nefnir í sinni lýsingu, en með því móti yrði hornið á línunni ekki eins hvasst.

Páll Melsted, síðar amtmáður, sé einn sýslumaður enn til vitnis um sýslumörkin. Hann segi í lýsingu sinni á Árnessýslu árið 1842 um takmörk sýslunnar að vestan:

„Sá fyrsti punktur takmarkanna millum Árnes- og Gullbringusýslu eru þeir svonefndu Sýslusteinarnir undir Geitahlíð millum Herdísarvíkur, sem heyrir til Árnessýslu, og Krýsuvíkur, sem heyrir til Gullbringusýslu. Frá Sýslusteinum ganga sýslumörkin beina stefnu yfir fjallið nálægt Vífilfelli til ens stóra steins austan undir Lyklafelli, sem nefnist Sýslusteinn.“

Þórður Jónasson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, lýsti takmörkum sýslunnar árið 1852 og segir þau sjást á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar.

Aðalstefnandi telur ekki fara milli mála, að hér hafi verið nefndar lýsingar þeirra manna, þ. e. sýslumanna, sem þungst vegi af þeim, sem við sögu koma í þessu máli, að öðrum mönnum ólöstuðum. Samkvæmt stöðu sinni hafi sýslumenn verið þeir, sem vissu eða áttu að vita betur en aðrir menn. Í eldri landamerkjalögum frá 17. mars 1882 hafi sýslumönnum þannig sérstaklega verið gert að fara með málefni, er snerti landamerki.

Séu lýsingar þessara fjögurra sýslumanna skoðaðar, beri þeim Þórði Sveinbjörnssyni og Páli Melsted alveg saman, og Þórður Jónasson vitni í kort Björns Gunnlaugssonar, eins og áður segir. Ólafur H. Finsen hafi engin andmæli gegn lýsingu Þórðar Sveinbjörnssonar, en sú lýsing var gerð nokkrum mánuðum fyrir.

Það sé staðreynd, að engin lýsing þessara sýslumanna nefni Vífilsfell sem punkt á línunni, heldur nefni tveir þeirra, Þórður Sveinbjörnsson og Páll Melsted, fjallið nálægt Vífilsfelli. Stóra-Kóngsfell sé nokkra kílómetra suðvestan Vífilsfells, en þegar horft sé frá Litla-Kóngsfelli, virðist Stóra-Kóngsfell í sjónhendingu mjög nálægt Vífilsfelli. Þegar horft sé frá Vífilsfelli, séu Rauðuhnjúkar næsta sérstæða hæðin í landslaginu.

Þá miði aðalstefnandi við landmælingar og í framhaldi af þeim kortagerð á vegum danska herforingjaráðsins, þ. á m. á landsvæði því, sem hér er til umfjöllunar. Á herforingjaráðskortinu svonefnda séu sýslumörkin dregin frá Sýslusteinum undir Geitahlíðum í Litla-Kóngsfell, þaðan í Stóra-Kóngsfell, í Rauðuhnjúka og loks í Vífilsfell.

Það veki athygli, að fjögur þeirra örnefna, sem sýslumörkin liggja eftir á þessu korti, séu ekki nefnd sem punktar á línunni í þeim lýsingum sýslumanna, sem áður er lýst, þ. e. Litla-Kóngsfell, Stóra-Kóngsfell, Rauðuhnjúkar og Vífilsfell. Í lýsingunum sé getið Sýslusteina undir Geitahlíð, fjallsins nálægt Vífilsfelli og Sýslusteins austan Lyklafells. Ástæða sé hins vegar til að álykta sem svo, að dönsku mælinga- og kortagerðarmennirnir hafi talið fyrrgreind mörk vera rétta túlkun á þeim heimildum, sem þeir höfðu aðgang að, þ. á m. áðurnefndum lýsingum og væntanlega lýsingum kunnugra manna, meðan á mælingum stóð, allt með tilliti til ákvæða landamerkjaganna frá 1882, en til þeirra vitnar aðalstefnandi svo: „Lögin gera ráð fyrir glöggum landamerkjum, „*svo sem náttúran hefur sett, svo sem fjöll, gil, ár eða lækir, eða þar sem sjónhending ræður*“, eins og sagði orðrätt í 2. grein laganna.“

Sýslumörkunum á herforingjaráðskortinu hafi ekki verið mótmælt af neinum aðila, svo að stefnanda sé kunnugt um, í hartnær hálfa öld. Eftir að komið hafi fram á miðja þessa öld, hafi það hins vegar gerst, að sýslumörkunum hafi verið breytt á korti Landmælinga Íslands, út gefnu árið 1955, fjórðungskortblaði í mkv. 1:50 000 nr. 37 SV. Á kortinu séu sýslumörkin dregin úr Stóra-Kóngsfelli í Hákoll í Bláfjöllum og þaðan í boga og skrykkjóttu línu í Vífilsfell. Ástæða þessarar breytingar sé ekki kunn.

Aðalstefnandi telur uppdrætti geta haft sönnunargildi í landamerkjumálum, sérstaklega ef vandað hafi verið til þeirra og þeir lengi birst í landakortabókum, án þess að athugasemdir hafi verið gerðar. Eigi þetta við um herforingjaráðskortið, en hið sama verði ekki sagt um kort þau, sem gefin hafi verið út hin síðari ár, enda hafi þau kort ekki verið studd traustum heimildum, að því er best verði séð.

Hvergi sé minnst á línu á vatnaskilum Bláfjalla til Vífilsfells í landamerkjalýsingum, enda vandséð, að slík lína væri möguleg eða glögg. Tilraun

sé gerð til þess að teikna þá línu á korti sem mörk milli Seltjarnarneshrepps hins forna og Árnassýslu. Kort það sé gert í desember 1988. Ekki verður séð, að sú krókotta bogalína geti samræmst anda landamerkjaganna að mati stefnanda og því síður landamerkjalýsingum, sem veigamestar séu í þessu sambandi.

Með skírskotun til þess, sem að framan er sagt, telur stefnandi, að dómkrafa hans feli í sér staðfestingu á þeim landamerkjum, sem gerð hafi verið samkvæmt óvefengjanlegum landamerkjalýsingum og ómótmælt hafi staðið um langan tíma á viðurkenndum landakortum. Mörkin samkvæmt dómkröfunni séu jafnframt í samræmi við eðlilega túlkun eldri og yngri landamerkjalaga um glögg landamerki í landslagi á þessum afréttarlöndum.

Um mörk milli Seltjarnarneshrepps hins forna og Árnassýslu vísa aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær í öllum meginatriðum til greinargerðar um mörkin, sem samin sé af framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar Reykjavíkurborgar og Verkfræðistofunni Forverki hf., dags. í desember 1988.

Aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær styðja einnig kröfur sínar í aðalsök og gagnsök við rannsókn L. A. Kriegers stiftamtmanns á árunum 1831 – 1832 á mörkum milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnassýslu hins vegar, sem gerð hafi verið að beiðni Björns Gunnlaugssonar vegna kortagerðar hans af Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem þá var að ljúka.

Hinn 27. des. 1831 skrifaði Björn Gunnlaugsson L. A. Krieger stiftamtmani bréf, en þar segi:

„Da Deres Højvelbaarenhed har vist saa megen Omhu og Godhed i at befordre den Landmaaling det islandske litterære Selskab har foretaget sig at lade gjøre, saa tvivler jeg ikke paa, at jeg bedst kan henvende mig til Dem med at finde og betegne den rette Grændselinie imellem Guldring og Kjosessyl samt Arnessysyl, og beder derfor underdanigst, at De ved Correspondance med vedkommende Sysselmænd vilde bestemme bemeldte Grændse, hvilken rigtig at vide vil endog i juridisk Henseende være vigtigt.“

Stiftamtmaður hafi tekið á þessari beiðni á hefðbundinn hátt, þegar um landamerkjaákvarðanir (demarcation) hafi verið að ræða, þ. e. fengið skýrslu frá aðilum málsins, Þórði Sveinbjörnssyni, sýslumanni Árnassýslu, og Ólafi H. Finsen, sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu. Gera verði ráð fyrir, að stiftamtmaður hafi, þegar hann hafði fengið ofannefnd gögn í

hendur, ákveðið merkin að höfðu samráði við aðila málsins og að uppdráttur Björns Gunnlaugssonar sýni þá niðurstöðu. Gildi landamerkjanna á kortum sé að mati aðalstefndu háð vissum þáttum, þ. e. þeim mælingaaðferðum, sem notaðar hafi verið, á hvern hátt ákvörðun landamerkjanna (demarcation) hafi farið fram og hvort liggi fyrir samþykki málsaðila á mörkunum. Þó að mælingar Björns Gunnlaugssonar á þessum árum hafi ekki verið eins fullkomnar og þær eru í dag, sé ákvörðun markanna gerð á hefðbundinn hátt, sem enn gildi, og liggi ekki annað fyrir en að aðilar málsins hafi verið sammála um mörkin. Verði því að álíta, að uppdrættir Björns Gunnlaugssonar sýni í aðalatriðum niðurstöður landamerkjaákvörðana stiftamtmanns.

Aðalstefndu telja, að aðalstefnandi, Ölfushreppur, miði mál sitt við uppdrátt Björns Gunnlaugssonar, sem hann teiknaði á árunum 1831 til 1832. Allur málatilbúnaður og röksemdir hreppsins verði að engu við skoðun á þessum uppdrætti. Björn dragi landamerkjálínuna eftir lýsingu áður nefndra sýslumanna frá Vífilfellu til suðurs eftir endilöngum Bláfjöllum. Þau kennileiti, sem stefnandi telji, að ráða eigi landamerkjum á því svæði, sem um sé deilt, þ. e. Stóra-Kóngsfell og Litla-Kóngsfell, lendi mjög greinilega vestan þessarar línu. Því sé óskiljanlegt, hvernig stefnandi geti nýtt sér uppdrátt Björns Gunnlaugssonar sem heimild, en dregið allt aðra línu en fram kemur á uppdrættinum. Uppdráttur Björns Gunnlaugssonar styðji þvert á móti í öllum meginatriðum sjónarmið Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar.

Svör sýslumanna Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu við beiðni A. Kriegers stiftamtmanns um lýsingu á sýslumörkum túlka aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður eins og hér greinir:

Samkvæmt lýsingu Finsens, sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem áður var rakin, hafi sýslumaður talið Borgarhóla og Sýslusteina milli Krýsuvíkur og Herdísarvíkur vera óumdeild kennileiti á sýslumörkum, og orð hans verði varla skilin öðruvísi en fjöll (Fieldegn) skilji að sýslurnar norðan Sýslusteina, en þegar fjöllunum sleppi, séu menn ekki sammála um, hvort eigi að draga mörkin úr Lyklafelli eða Vífilfellu og í Borgarhóla.

Í lýsingu Þórðar Sveinbjörnssonar, sýslumanns Árnessýslu, tiltaki sýslumaður kennileitin Sýslusteina undir Geitahlíð og Borgarhóla hin sömu og Finsen sýslumaður nefni í sinni skýrslu. Úr Sýslusteinum sagði sýslumaður mörkin fara „over Fieldet i Nærheden af Vifilfell“. Þetta túlki aðalstefnandi svo, að hér sé átt við Stóra-Kóngsfell. Þetta telja aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær ekki geta staðist og benda á áður nefnt kort

Björns Gunnlaugssonar, en þar sé Kóngsfell merkt um 2,5 kílómetra vestan línunnar.

Af hálfu aðalstefndu Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar er bent á, að „Field“ sé þýtt sem fjall, fell, fjallgarður, klettur í Danskri orðabók Freysteins Gunnarssonar, út gefinni 1926. Sýslumennirnir séu því báðir að tala um sama hlutinn, þ. e. „Fjeldet = fjallgarðinn“ og „Fjeldegn = fjalllendi“, sem aðskilji sýslurnar. Sýslumennirnir tilgreini þannig ekki nákvæm landamerki á milli Sýslusteina undir Geitahlíð og í Vífilfell (eða Lyklafell), heldur segi, að fjallendið eða fjallgarðurinn, sem aðskilji sýslurnar, séu mörk. Hér sé beitt reglu við ákvörðun landamerkja, sem kennd hafi verið við „general boundaries“. Þegar fjallendinu sleppi í nánd við Vífilfell, telji Þórður, sýslumaður Árneseinga, að sýslumörkin liggja í Sýslusteini austan við Lyklafell og svo í Borgarhóla. Aftur á móti telji Finsen, sýslumaður í Gullbringusýslu, að mörkin yfir sléttlendið norðan Vífilfells liggja annaðhvort úr Vífilfelli eða Lyklafelli í Borgarhóla.

Þá styðjast aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður við nokkrar lýsingar sýslumarka eða hluta sýslumarka, gerðar eftir 1832.

Lýsing Arnarbælisþings 1840 eftir síra Jón Matthíasson. Þar segi:

„...og seinast í Kongsfell, þaðan beygist stefnan yfir þveran Grindarskarðsveg eftir endilöngum Bláfjöllum allt til Vífilfells“.

Lýsingar Árneseyslu eftir P. Melsted sýslumann 1842 og Gullbringusýslu eftir Þórð Jónasson, settan sýslumann, 1852.

Báðir sýslumennirnir vísi til uppdráttar Björns Gunnlaugssonar um hin réttu mörk milli sýslanna.

Þinglýsing marka Almenningskóga Álftnesinga, gerð að boði stiftamtmanns 1849. Þar segi um mörk:

„...af Húsfelli um á Þríhnúka, þaðan í suðurenda Bláfells, á milli afrétta Álptanes- og Seltjarnarneshreppa. Á milli Gullbringu- og Árneseyslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell“.

Þarna sé suðurendi Bláfells staðfestur markapunktur í sýslumörkum.

Lýsingar sýslumarka, lagðar fram í aukarétti Árneseyslu 22. sept. 1873. Þar segi í lýsingu Á. Björnssonar í Hvammkoti:

„Sýslusteinn á Krísuvíkurbjargi, þaðan fjöll norður í hæst Vífilfell...“.

Í lýsingu Guðmundar Jakobssonar, fyrrum bónda á Reykjum í Ölfusi, frá 22. september 1873 segi:

„...sýslusteinn undir Geitahlíð og beina stefnu eftir háfjöllum til norðurs, sem þá væri um hæst Vífilfell“.

Landamerki Herdísarvíkur, þinglesin á Nesi í Selvogi 3. júní 1889:

„Að vestanverðu, milli Herdísarvíkur og Krýsuvíkur ræður mörkum:

Stefnulína frá áðurnefndu Kóngsfelli í Seljabótarnef, lágan hraunhnúk, vestast í Seljabót, við sjó fram.“

Landamerki Krýsuvíkur, dags. 14. maí 1890:

„Að austan: Samþykkt og þinglýst vesturmörk Herdísarvíkur, þ. e. sjónhending úr Kóngsfelli, sem er lág, mosavaxin eldborg umhverfis djúpan gíg á hægri hönd við þjóðveginn úr Selvogi til Hafnarfjarðar, örskammt frá veginum, í Seljabótarnef, klett við sjó fram.“

Þær heimildir, sem hér hafi verið tilfærðar um sýslumörkin sunnan Vífilfells, bendi allar til þess, að mörkin liggja eftir Bláfjöllum allt í suðurenda þeirra, en ekki eftir einstökum fellum eða hnjúkum (þ. e. Rauðuhnjúkum, Stóra-Kóngsfelli og Litla-Kóngsfelli) vestan aðalfjallgarðsins.

Af öðrum heimildum um mörk Árnassýslu (Ölfushrepps og byggðanna fyrir vestan mörkin) tilgreina aðalstefndu sérstaklega eftirfarandi heimildir:

Skúli Magnússon: Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess 1. Rv. 1935 – 1936, bls. 6, en þar segi um „Lengd og breidd Gullbringusýslu“:

„Gullbringusýsla, sem skagar út á milli Eyrarbakkaflugtar og Faxaflóa, er 16 mílur á lengd frá Reykjanesi að smáánni Hellirá, sem er landamörk á milli fyrrnefndrar sýslu og Kjósarsýslu, og 5 mílna breið, þar sem hún er breiðust, frá Gróttutanga að Ólafsskarði, þaðan sem fjallaröð sú, sem aðskilur Gullbringusýslu og Árnassýslu og nefnist Langahlíð, teygir sig til suðurs-suðvesturs.“

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson: Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752 – 1757, II, Rv. 1975, bls. 150 – 157. Þar segi á bls. 150:

„Mörkin milli Árnass- og Gullbringusýslu er Hellisheiði og fjallgarður sá, er í framhaldi af henni gengur út á Reykjanes.“

Á bls. 155 segi:

„Um eðli og lögun fjalla á Suðurlandi er fátt eitt að segja. Flest þeirra eru lítil og lág. Henglafjöll liggja milli Þingvalla og Hellisheiðar, og framhald þeirra er fjallgarður, sem gengur suður og suðvestur á Reykjanes. Fjallgarður þessi skiptir Suðurlandi í tvennt. Liggja tvær sýslurnar, Árnass- og Rangárvallasýslur, fyrir austan hann, en hinar tvær fyrir vestan.“

Eins og áður hafi komið fram, byggja aðalstefnandi málatilbúnað sinn m. a. á línu, sem dregin sé á herforingjaráðskortinu danska frá 1908. Telur aðalstefnandi ástæðu til að álykta sem svo, að dönsku mælinga- og kortagerðarmennirnir hafi talið fyrrnefnd mörk vera rétta túlkun á þeim heimildum, sem þeir höfðu aðgang að, þ. á m. áðurnefndum lýsingum (þ. e. rannsókn Kriegers) og væntanlega lýsingum kunnugra manna, meðan á

mælingum stóð, allt með tilliti til ákvæða landamerkjaganna frá 1882. Þá segi aðalstefnandi enn fremur í stefnu sinni: „Lögin gera ráð fyrir glöggum landamerkjum, svo sem náttúran hefur sett, „svo sem fjöll, gil, ár eða lækir, eða þar sem sjónhending ræður“, eins og sagði orðrétt í 2. grein laganna“.

Hér sé tilvitnun í lögin ekki aðeins ónákvæm, heldur beinlínis villandi, því að í 2. gr. landamerkjaganna frá 1882 standi orðrétt: „Þar sem eigi eru glögg landamerki, er náttúran hefur sett, svo sem fjöll, gil, ár eða lækir, en sjónhending ræður, skal setja marksteina eða hlaða vörður með hæfilegu millibili ...“ o. s. frv.

Kort danska herforingjaráðsins frá árinu 1908 og endurskoðuð 1930 hafi verið gefin út 1944. Hér sé um að ræða kortblöðin nr. 27 og 37 í mkv. 1:100.000, en þar hafi sýslumörkin verið dregin samkvæmt ofanefndum kröfum Ölfushrepps.

Á herforingjaráðskortinu sé lína dregin frá Vífilfellum um Rauðuhnúka og Stóra-Kóngsfell, en hvorugt kennileitið sé nefnt á kortinu. Síðan sé línan dregin í „Konungsfell“. Hvorki fyrir né síðar hafi fjall með þessu nafni verið á þessum stað. Hér muni vera átt við fjallið „Bolla“ á korti Björns Gunnlaugssonar. Af þessu megi sjá, að hinir dönsku kortagerðarmenn hafi ekki áttað sig á staðháttum, ekki þekkt kennileiti og því síður haft til grundvallar eldri heimildir. Lína dregin á kort breyti ekki landamerkjum. Til þess að svo geti orðið, þurfi að liggja til grundvallar óvafengjanlegar heimildir, staðfestar af réttbærum yfirvöldum. Lýsingar sýslumannanna Þórðar Sveinbjörnssonar og Ólafs H. Finsen frá 1832 séu þær heimildir, sem enn verði að styðjast við, og sé uppdráttur Björns Gunnlaugssonar m. a. byggður á þeim heimildum. Um sýslumörk þau, sem dregin hafi verið á áður nefndum kortum herforingjaráðsins danska, sé því tekið fram, að þau hafi ekkert gildi, enda liggja ekkert fyrir um, að þar tilbær stjórnvöld hafi breytt þeim mörkum, sem voru ákveðin með hefðbundnum og lögformlegum hætti árið 1832.

Landamerki á því svæði, sem hér sé til umfjöllunar, hafi verið nokkuð á reiki á uppdráttum Landmælinga Íslands síðustu áratugi. Sé líklegt, að herforingjaráðsuppdrátturinn danski hafi haft þar einhver áhrif, en í ljósi gleggri upplýsinga og rannsókna, sem studdar séu traustum heimildum, hafi uppdráttur Landmælinga Íslands frá árinu 1986 sýnt landamerkin eins og Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður gera kröfu um, að þau verði staðfest í dómsmáli þessu.

Allar þær lýsingar á mörkum Árnassýslu og byggðanna fyrir vestan, sem að framan greinir, séu grundvallaðar á megininntaki landamerkjaganna nr. 41/1919 og eldri landamerkjalogum frá 1882 um, að glögg merki náttúr-

unnar skuli vera milli landa. Allar lýsingarnar, sem Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður styðjist við, byggist á því, að vatnaskil ráði mörkum á því svæði, sem um er deilt. Þegar lítið sé til þess, hvernig sýslumörk séu dregin á uppdráttum af Íslandi, sé það meginregla, þar sem sýslumörk liggja um hálandi, að þau fylgi vatnaskilum.

Aðalstefnandi geti þess í stefnu, að uppdráttur með greinargerð Reykjavíkurborgar, sem dragi línur á vatnaskilum, sýni „krókótta bogalínu“, sem samræmist ekki anda landamerkjaganna. Þessi fullyrðing aðalstefnanda stafi sýnilega af ókunnugleika á staðháttum, en línan sé dregin milli hæstu fjallstinda Bláfjallafjallgarðsins og verði hverjum manni eðlileg, sem á vettvang hafi farið.

Með skírskotun til alls þess, sem að framan greini og á sé byggt, sé þess krafist, að landamerkjalýsingum stefnanda verði hrundið, enda styðjist þær á engan hátt við þinglýstar heimildir og rangar ályktanir sýnilega dregnar af fyrirbyggjandi merkjalýsingum.

Gagnsakarmáli Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar sé beint gegn Kópavogskaupstað og Magnúsi Hjaltsted, sem séu meðstefndu aðalstefndu Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar í aðalsök, en þeir eigi samaðild/samlagsaðild að þeim hagsmunum, sem aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaðar geri kröfur um í máli þessu. Í þessu sambandi vísist til Hrd. 1942, 174, og Hrd. 1984, 1047.

Af hálfu aðalstefndu Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltsted er tekið fram, að sveitarfélög þau, sem aðild áttu að stofnun Bláfjallafólkvangsins, hafi öll áréttað einarðlega við stofnun fólkvangsins, að þau afsöluðu sér eigi að neinu leyti þeim rétti, sem þau áttu áður til svæðisins. Sé því ljóst, að athafnir eða athafnaleysi af hálfu sveitarfélaganna, sem snerta fólkvanginn og skíðasvæðin í Bláfjöllum, verði eigi túlkaðar sem afsal á réttindum til landsvæðisins, svo sem áréttað sé í bréfi bæjarstjórans í Kópavogi frá 25. október 1972.

Efnistaka á afréttinum hafi verið nýtt á vegum Kópavogskaupstaðar, og beitarafnot á afréttinum að sýslumörkum hafi m. a. verið nýtt af jarð- og fjáreigendum í Kópavogi.

Þær heimildir, sem séu þýðingarmestar í málinu og hafi ríkast sönnunargildi um sýslumörkin, séu fyrri tíma yfirlýsingar og vitnisburður stjórnvalda og einstaklinga um mörkin svo og eldri gerningar stjórnvalda og sérfróðra aðila, er mörkin snerta, sbr. t. d. uppdrátt Björns Gunnlaugssonar af sýslumörkum Árnessýslu annars vegar og Gullbringu- og Kjósarsýslu hins vegar.

Heimildargildi uppdrátta, sem gerðir hafa verið um og eftir síðustu aldarmót, sé hins vegar afar lítið og algerlega léttvægt, ef slíkir uppdrættir fari í

bága við eldri og traustari heimildir af því tagi, sem áður greinir. Hafa verði og hugfast, þegar sönnunargildi uppdráttu af mörkum á þessu svæði frá þessari öld sé metið, að þeir stangast á.

Aðrar traustar heimildir, sem veiti upplýsingar, sem verulegu máli skipti hér og hafa verði í huga við ákvörðun sýslumarka, séu landamerkjalyásingar þeirra jarða, sem liggja næstar sýslumörkum vestan fjalls (að norðvestanverðu við sýslumörkin). Sé ljóst, að sýslumörk liggja sunnar og austar en takmörk umræddra jarða til suðausturs. Eru sérstaklega nefndar í þessu sambandi landamerkjalyásingar jarðanna Vatnsenda og Elliðavatns, en eignarréttur eigenda þeirra jarða, Reykjavíkurborgar og Magnúsar Hjaltsted, samkvæmt þeim landamerkjalyásingum hafi verið virtur og ekki sætt andmælum frá því nokkru fyrir síðustu aldamót fram á þennan dag. Sérstaklega er bent á, að jarðirnar að norðvestanverðu eigi land nokkurn veginn jafnlangt til fjallsins.

Áhersla er lögð á, að dómkröfur gagnaðila gangi í berhögg við þær heimildir og skjöl, sem hafi ríkast sönnunargildi af þeim heimildum, sem sóknaraðili leggi fram. Er bent á, að sóknaraðili vitni í reynd ekki til neinna bitastæðra heimilda, sem hann reisi dómkröfur sínar um landamerki á.

Er alveg sérstaklega lögð á það áhersla í því sambandi, að kennileitin Stóra-Kóngsfell og Rauðuhnjúkar, sem dómkröfur sóknaraðila miðast við, séu ekki nefnd í nokkurri trúverðugri heimild sem punktar á sýslumörkum.

Vangaveltur í stefnu um merkingu textans: „Fra Sysslusteinar under Geitahlið over Fieldet i Nærheden af Vifilfell“ o. s. frv. – í áðurnefndu bréfi Þórðar Sveinbjörnssonar sýslumanns í þá veru, að slík lína eigi að liggja yfir Stóra-Kóngsfell, fái ekki staðist. Ekki þurfi mikla rannsókn á þessum skjölum og því samhengi, sem að baki liggja, til að gera sér grein fyrir, að orðin „over Fieldet“ merki hér yfir fjallgarðinn eða yfir heiðina, sbr. t. d. „austan fjalls“, „vestan fjalls“ og „að fara austur fyrir fjall“. Stóra-Kóngsfell sé sérstakt eldfjall, sem liggja nokkuð frá fjallgarðinum, er hér um ræði. Hefði Stóra-Kóngsfell einhvern tíma komið til greina sem sýslumörk, liggja í augum uppi, að hlutaðeigendur hefðu nefnt það sem aðalmarkapunkt á landamerkjalinunni, þar sem fjallið sé svo afgerandi kennileiti. Einnig verði ljóst, þegar litið sé til þess hluta textans, þar sem segi „i Nærheden af Vifilfell“, að Stóra-Kóngsfell geti ekki komið til álita sem punktur á umræddri sýslumarkalínu.

Sé síðan litið til eldri heimilda eins og uppdráttar á dskj. nr. 33, sem fylgi lýsingu Skúla Magnússonar landfógeta á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá árunum 1782-1785, komi ótvírætt fram, að sýslumörkin milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og hins vegar Árnessýslu liggja klárlega fyrir sunnan og austan Vífilsfell.

Ef síðan sé litið til Lýsingar Ölfushrepps eftir Hálfðan Jónsson, lögréttu-
mann á Reykjum í Ölfusi, komi í ljós, að merki sýslanna liggi úr Ólaf-
skarði suðaustan Vífilfells í Hvítkeggshvamm.

Þegar litið sé til þessara tveggja eldri heimilda, sem séu afdráttarlausar,
fari ekki á milli mála, að með orðunum „i Nærheden af Vifilfell“ – í texta
sýslumanns, Þórðar Sveinbjörnssonar, felist, að sýslumörkin og umrædd
lína liggi um svæðið sunnan og austan Vífilfells, en ekki norðan og vestan
Vífilfells.

Það gagn, sem sé ekki síður mikilvægt við túlkun á umsögnum sýslu-
mannanna til L. A. Kriegers stiftamtmanns, sé vitaskuld sjálfur uppdráttur
Björns Gunnlaugssonar. Ekki sé vitað til þess, að uppdráttur þessi hafi sætt
nokkrum eftirfarandi andmælum af hálfu sýslumannanna né annarra. Upp-
dráttur byggður á mælingum Björns var gefinn út af Ó. N. Ólsen 1849, sbr.
dskj. nr. 34, en hann var áður gefinn út 1844, sbr. dskj. nr. 8. Svo virðist sem
fulltrúar beggja sýslna hafi talið uppdráttinn réttan og sætt sig við hann, þar
sem mótmæli hafi engin verið höfð uppi, svo að vitað sé. Á dskj. nr. 7, bls.
41, sem sóknaraðili leggi sjálfur fram, þ. e. stutt lýsing á Gullbringu- og
Kjósarsýslu eftir Þórð Jónasson sýslumann, sé gagnkert vísað til uppdráttar
Björns Gunnlaugssonar um rétt sýslumörk.

Það komi sérstaklega fram í bréfum L. A. Kriegers til sýslumanna, að
markmiðið með uppdráttargerðinni hafi verið að gera „Karter over Land-
ets forskellige Jurisdiktioner“ og að umsagnir sýslumannanna hafi verið við
þetta miðaðar. Sé ljóst, að einhvers merkingarmunar gætti hjá sýslumön-
nunum um, hvar mörkin lægju á kafla a. m. k., enda þótt þeir geri út af fyrir
sig afar lítið úr þessum ágreiningi í umsögnum sínum. Á uppdrætti Björns
sé þessi merkingarmunur leiddur til lykta, svo sem stefnt hafi verið að.

Af hálfu Kópavogsbæjar og Magnúsar Hjaltested er því haldið fram, að
uppdráttur Björns hafi verið þeirra tíma lending réttra stjórnvalda um
þennan merkingarmun, sem þá hafi einnig verið uppi, en sóknaraðili máls
þessa geri nú tilraun til að vekja upp þrætuna. Því sé hins vegar fram haldið
af hálfu Kópavogskaupstaðar, að lausn Björns og stiftamtmanns á þessu
deilumáli hafi eftir atvikum verið viðunandi meðalvegur, sem aðilar séu
bundnir af.

Rétt yfirvöld hafi á sínum tíma léð atbeina sinn til gerðar uppdráttarins,
og hafi hann þar með gildi stjórnvaldsákvörðunar. Uppdráttur Björns beri
að vissu leyti keim af því, að leitast sé við að hafa línur sem beinastar, en
jafnframt halli nokkuð á Gullbringu- og Kjósarsýslu í niðurstöðum Björns,
einkum þegar litið sé til uppdráttarins á dskj. nr. 33 og lýsingar Hálfðanar
Jónssonar frá 1703, þar sem fram komi, að mörkin liggi sunnar og austar en

tilgreint sé á uppdrætti Björns. Samt sem áður verði að telja, að niðurstaða Björns hafi falið í sér lausn á deilunni, sem þá hafi mátti teljast góð, og eigi það ekki síður við nú. Verði eigi séð, hvaða rök mæli með því, að mál, sem leitt hafi verið farsælega til lykta af æðstu stjórnvöldum landsins fyrir meira en 150 árum, sé nú endurupptekið.

Aðalstefndi Bessastaðahreppur segir hagsmuni sína allsendis bundna við réttindi, sem tengist svokölluðum „Almenningsskógum Álptaneshrepps“, og upprekstrarrétti á þessum afréttum, en ítak þetta fylgdi Garðahreppi hinum forna.

Að því er varði kröfu stefnanda um staðfestingu á sveitarfélagamörkum, er tekið fram, að af hálfu Bessastaðahrepps sé ekki gerður ágreiningur um, að Garðabær fari með stjórnýslu á því svæði, sem „Almenningsskógar Álptaneshrepps“ taki til, og sé því af hálfu Bessastaðahrepps lýst yfir fullum stuðningi við kröfur Garðabæjar um stjórnýslumörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps.

Þá sé af hálfu Bessastaðahrepps lýst yfir fullum stuðningi við kröfur samstefndu Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar og Kópavogsbæjar um staðfestingu á stjórnýslumörkum milli þessara sveitarfélaga og Ölfushrepps.

Aðalkrafa Garðabæjar og Grindavíkurbæjar styðst m. a. við uppdrátt Björns Gunnlaugssonar yfirkennara, gerðan fyrir Hið íslenska bókmenntafélag á árunum 1831-1832, unninn eftir lýsingum Þórðar Sveinbjörnssonar, sýslumanns Árnassýslu, og Ólafs Hannessonar Finsen, sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að beiðni L. A. Kriegers stiftamtmanns. Séu landamerki þau, er hér um ræðir, úr Bláfjallahorni beint í Sýslustein, sbr. fram lagðan uppdrátt Björns. Liggi lína sú, er hér um ræðir, yfir Hvalhnúk og Vesturása. Þrátt fyrir það að mælingar á þessum árum hafi ekki verið eins fullkomnar og þær eru nú á dögum, hafi ákvörðun markanna Sýslusteinn – Bláfjöll verið gerð á þann hátt, sem tíðkist enn í dag. Sýslumennirnir hafi verið sammála um þessa ákvörðun markanna. Ekki sé vitað um ritaðar heimildir eða lýsingar, sem hnekki nefndum lýsingum sýslumannanna Þórðar Sveinbjörnssonar og Ólafs Finsen, og séu lýsingar þeirra með markverðustu heimildum, sem til séu um þau merki.

Mótmælt sé túlkun stefnanda í stefnu á þeim lýsingum, er hér um ræðir, og sé bent á áðurnefndan fram lagðan uppdrátt Björns Gunnlaugssonar. Megi hér einnig til frekari stuðnings við kröfugerð aðalstefndu Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar benda á það, að bæði í Lýsingu Árnassýslu eftir P. Melsted sýslumann frá 1842 og Gullbringuýslu eftir Þórð Jónsson, settan sýslumann, frá 1852 sé við það miðað, að merkjasetning á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar milli sýslanna sé hin rétta.

Svo virðist sem aðalstefnandi styðji aðallega kröfur á hendur Garðabæ og Grindavíkurbæ við kortagerð Björns Gunnlaugssonar 1831-1832, þá er hér hefur verið rakin. Sé öll málsútlitun stefnanda afar tormelt, þar eð uppdráttur þessi styðji kröfugerð Garðabæjar og Grindavíkurbæjar, en ekki sóknaraðila. Þurfi mjög frjótt ímyndunarafli til að skilja lýsingar sýslumannanna Þórðar Sveinbjörnssonar og Ólafs Finsen á þann hátt, er stefnandi gerir í stefnu.

Í öðru lagi reisi stefnandi kröfur sínar á herforingjaráðskorti frá 1908. Kort þetta hafi verið unnið af dönskum kortagerðarmönnum. Á því korti séu merki látin liggja frá Vífilselfelli um Rauðuhnúka og Stóra-Kóngsfell og þaðan í „Kónungsfell“. Eins og fram komi í greinargerð Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness, áttu kortagerðarmennirnir við fjallið „Bolla“ á korti Björns Gunnlaugssonar, en ekki Kóngsfell, sem sé innan afréttar Garðabæjar.

Krafa stefnanda um upphafspunkt markalínunnar í suðri virðist byggjast á „landamerkjabréfi“, sem Garðabær hafi ekki verið aðili að, og sé hann því óbundinn af því. Með bréfi þessu hafi réttindum Garðabæjar verið ráðstafað án hans samþykkis og vitundar.

Grindavíkurbær hafi verið aðili að „landamerkjabréfinu“, sem lagt var fram á dómskjali nr. 67 og er dags. 16. febrúar 1980. Með bréfi þessu hafi mörk milli Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar verið sögð „bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells sunnan við Grindaskörð í Sýslusteini undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr Sýslusteini til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi“.

Aðilar að samkomulagi þessu hafi annars vegar verið sýslunefnd Árnessýslu vegna sýslufélagsins, hreppsnefnd Selvogshrepps vegna sveitarfélagsins og Háskóli Íslands sem eigandi jarðarinnar Herðisarvíkur í Selvogshreppi og hins vegar bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar vegna bæjarfélagsins, sýslunefnd Gullbringusýslu f. h. sýslufélagsins sem eigandi Krýsuvíkurlands að mörkum Árnessýslu og landbúnaðarráðuneytið f. h. ríkisins sem eiganda ýmissa réttinda í Krýsuvíkurlandi. Bréf þetta var síðan „staðfest“ af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. 3. 1980. Bréf þetta virðist því reist á efnislega röngum forsendum miðað við þau gögn og upplýsingar, sem liggja fyrir í máli þessu. Um allt þetta hafi ekki verið vitað af hálfu Grindavíkurkaupstaðar, þegar bréfið var undirritað, og líti hann svo á, að sá forsendubrestur valdi því, að hafi umrætt landamerkjabréf breytt sveitarfélagamörkum, sem allt bendir til, sé sú breyting ógild gagnvart Grindavíkurkaupstað af framangreindum ástæðum. Af þessari ástæðu hafi upphafspunktur markalínu frá Litla-Kóngsfelli ekkert gildi í málinu, sjá einnig

t. d. 1. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, þar sem fram komi, að óheimilt sé að breyta mörkum sveitarfélaga nema með lögum. Ljóst sé af fram lögðum gögnum í máli þessu, að „landamerkjabréf“ þetta byggist efnislega á alröngum forsendum.

Samkomulag milli annarra aðila geti ekki hnekktt mörkum eignarlands Garðabæjar eða staðarmörkum sveitarfélagsins, sjá t. d. 1. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. sömu laga geti ráðuneytið þó staðfest samkomulag milli sveitarstjórna þar að lútandi, en fyrir liggir, að endapunktur merkjalínu samkvæmt bréfi þessu, sem jafnframt er upphafspunktur kröfugerðar stefnanda, þ. e. a. s. Litla-Kóngsfell, sé á „áhrifsvæði“ Garðabæjar í víðasta skilningi, og þar eð Garðabær hafi ekki verið aðili að bréfi þessu, hafi hin svokallaða „staðfesting“ ráðuneytisins ekkert gildi, a. m. k. ekki gagnvart hagsmunum Garðabæjar. Vísað sé til ákvæða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 43/1973 um mörk Gullbringu- og Kjósarsýslu, sbr. einnig 2. gr. sömu laga, en þau ákvæði hafi nú verið afnumin með ákvæðum 31. tl. 20. gr. laga nr. 92 frá 1989. Ljóst sé, að „landamerkjabréf“ þetta hvíli efnislega á alröngum forsendum og geti stefnandi ekki reist neinn rétt á efni þess, a. m. k. ekki gagnvart Garðabæ.

Fyrsta og önnur varakrafa Garðabæjar og Grindavíkurbæjar byggist á nánast sama grundvelli og aðalkrafan að öðru leyti en því, að í fyrstu varakröfu sé Vesturásur sleppt sem punkti á merkjalínunni frá Sýslusteini í Bláfjallahorn og í annarri varakröfu sé bæði Vesturásur og Hvalhnúki sleppt. Garðabæ og Grindavíkurbæ þyki glögglega koma fram í tilvitnuðum gögnum málsins, að merkjalínan liggir um bæði þessi kennileiti, en telji þó Hvalhnúk traustari merkjapunkt en Vesturása. Garðabær og Grindavíkurbær telji þó í öllu falli ljóst, að línan frá Sýslusteini í Bláfjallahorn ætti að vera óumdeild á sama grundvelli og rakið sé í umfjöllun um aðalkröfu. Um þau mörk fjalli önnur varakrafa.

Í þriðju varakröfu sinni krefjist Garðabær og Grindavíkurbær þess, að landamerki og sveitarfélagamörk á afréttum stefnanda og þeirra verði talin liggja frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) eftir beinni línu í áttina að Kistufelli eða þar til sú lína skeri beina línu frá Sýslusteini í Litla-Kóngsfell, og reisi þá dómkröfu á „Lýsingu Almennings-skóga Álptaneshrepps“ og uppdrætti, unnum eftir þinglýstri lýsingu á „Almennings-skógum Álptaneshrepps“. Um sé að ræða lýsingu, dags. 21. júní 1849, færða til bókar í afsalsbréfabók á manntalsþingi í Görðum 22. júní 1849. Þessi lýsing sé mjög skýr, hvað varði landamerki þau, er hér ræðir. Segi þar skýrt: „Á milli Gullbringu- og Árnassýslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell“.

Hins vegar sé vitnað til dskj. 67, en samkvæmt því samþykki aðalstefn-

andi merkjalínu, sem dregin sé frá Sýslusteini í Litla-Kóngsfell, en sú lína skeri línu, sem dregin sé frá Kistufelli í Bláfjallahorn. Aðalstefnandi hafi þannig staðfest fyrir sitt leyti, að hann eigi hvorki landréttindi né lögsögu norðan eða vestan þeirrar línu.

Máli sínu til stuðnings leggi aðalstefnandi fram endurrit landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í málinu nr. 329/1964: Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðar-kaupstað, upp kveðins 14. 12. 1971.

Samkvæmt niðurstöðu þessa dóms liggja norðurmörk Krýsuvíkurlands þvert yfir afrétt Garðabæjar. Niðurstaða dóms þessa sé ekki rétt. Niðurstaða dómsins sé byggð á misskilningi, bæði varðandi merki og kennileiti.

Þess skal einnig getið, að hvorki Garðabær né Grindavíkurbær hafi verið aðilar að máli þessu og niðurstaða dómsins því ekki bindandi fyrir þá. Ekki verði séð, að dómhafar reisi rétt á dómnum, og ekki kemur fram, hvort honum hafi verið þinglýst eða ekki. Í sóknarskjöllum sé ekki vitnað til dómsins, og ekkert liggja fyrir um það, á hvern hátt sóknaraðili telji dóm-skjal þetta styðja málstað sinn.

Fjórdða varakrafa Grindavíkurbæjar og Garðabæjar sé á ýmsan hátt hliðstæð þriðju varakröfu þeirra að öðru leyti en því, að merkjalínan sé dregin úr Bláfjallahorni í Litla-Kóngsfell og þaðan í Sýslustein. Óhugsandi sé að stilla upp þeim fræðilega möguleika, að línan geti verið norðar eða vestar en sú lína, og er vísað til þess, sem að framan er rakið þar að lútandi.

Í kröfugerð Garðabæjar hér að framan hafi verið rætt um sveitarfélagamörk gagnvart sóknaraðila óaðgreint frá eignarréttarlegum mörkum. Garðabær telji rétt að fjalla um mörkin á þann hátt, enda fari þau saman í aðalatriðum. Þá sé hugsanlegur ágreiningur milli varnaraðila innbyrðis látinn liggja á milli hluta. Sérstaklega skuli þó fram tekið, að enda þótt dómkröfugerð Garðabæjar og Grindavíkurbæjar í máli þessu geti um markalínu allt frá Bláfjallahorni til sjávar í suðvestri, nái hvorki lögsaga né eignarréttur Garðabæjar eða Grindavíkurbæjar meðfram þeirri línu allri, heldur aðeins hluta hennar eða að mörkum næsta sveitarfélags, sem einnig hafi tekið til varna í máli þessu, en Garðabær og Grindavíkurbær sjái ekki ástæðu til þess að fjalla nánar um það atriði í þessu máli, enda fari kröfur beggja/allra stefndu saman gagnvart kröfugerð stefnanda.

Í þeim tilvikum, sem sveitarfélagamörkin kynnu að víkja frá eignarréttarlegum mörkum, sé í öllum tilvikum áskilinn réttur til þeirrar markalínu, í hvoru tilfelli fyrir sig, sem teldist ganga lengra í þágu Grindavíkurbæjar eða Garðabæjar.

Niðurstaða dómsins.

Ekki kemur til kasta dómsins að ákvarða, hvort Lyklafell eða sýslusteinninn við Lyklafell er merkjapunktur, því að málsaðilar eru sammála um, að Vífilfell, hnit ($x=673735,25$, $y=397742,27$), sé óumdeildur merkjapunktur, sem leggja beri til grundvallar, og ekkert hefur komið fram í málinu, er valdi því, að ekki megi staðfesta það kennileiti um merkjapunkt. Á sama hátt er því farið um merkjapunktana Sýslustein, hnit ($x=692530,30$, $y=378922,92$), og Seljabótarnef, hnit ($x=692601,91$, $y=376522,84$).

Svo sem rakið er í málavaxtalýsingu fyrir í dómi þessum, gerðu Selvogshreppur og Grindavíkurreppur landamerkjabréf um það 16. febrúar 1980 ásamt sýslunefndum beggja sýslanna og eigendum Herdísarvíkur og Krýsuvíkur, að mörkin skyldu vera „bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells sunnan við Grindarskörð í Sýslustein undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr sýslusteini til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi“.

Aðilar að landamerkjabréfi þessu eru við það bundnir, enda hafa ekki komið fram, svo sem síðar verður rakið, eldri landamerkjabréf eða landamerkjalyásingar, er taki af tvímæli um, að umrædd merkjalína stafi af miskilningi eða sé að öðru leyti með slíkum annmörkum, að eigi verði við hana miðað.

Þrætulandið í máli þessu er nokkuð gróið, en þó mjög rýrt beitaland, að mestu í 400 til 600 metra hæð yfir sjávarmáli, og hefur verið allt fram á miðja þessa öld nær einungis nýtt sem afréttarland. Af framburði vitna og aðila eða forsvarsmanna þeirra, sem fyrir dóm hafa komið, verður ráðið, að sauðfé úr þeim sveitarfélögum, er þarna eiga aðliggjandi afrétt, hafi gengið saman á þrætulandinu og fjallskil ekki miðast við glögga línu. Virðast þannig báðir aðilar hafa hugað að fé og smalað í haustleitum í Bláfjallakvosinni, þ. e. á svæðinu sunnan og vestan Bláfjalla. Hefur þannig komið fram, að Selvogsingar hafa skipt leitum við Litla-Kóngsfell, og í framburði sínum segir núverandi bóndi á Vatnsenda: „Sudurkanturinn á þeirri smalamennsku, sem við höfðum hérna megin við fjallið, er kallað að vera sendur í Rauðuhnúka. ...Við fórum alltaf upp á brún Heiðarinnar há, og ef fé var sýnilegt á Heiðinni há, riðum við eftir því og fórum fyrir það. ...“

Ekki nýtur við í máli þessu glöggra landamerkjalyásinga eða landamerkjabréfa frá fyrri öldum, sem unnt sé að treysta. Elstu heimildir um þessi mörk er lýsing Hálfðanar Jónssonar, lögréttumans á Reykjum í Ölfusi, frá 1703, er tilgreinir mörkin: „Síðan í þann einstaka stein, er stendur við Hellisheiðavegin á melnum fyrir sunnan Lyklafell, er kallast Sýslusteinn. Þaðan í það stóra bjarg, er liggur við veginn í Ólafsskarði. Síðan sjónhending í Hvítkeggshvamm, fyrir sunnan Geitahlíð, milli Herdísarvíkur og Krýsuvíkur.“

Í ritgerð Skúla Magnússonar frá árunum 1782 – 1785 segir um breidd Gullbringusýslu, að hún nái „frá Gróttutanga til Ólafsskarðs, þaðan sem fjallaröð sú, sem aðskilur Gullbringusýslu og Árnessýslu og nefnist Langa-hlíð, teygir sig til suðurs og suðvesturs“.

Í Ferðabók Eggerts og Bjarna segir: „Mörkin milli Árnes- og Gullbringu-sýslu er Hellisheiði og fjallgarður sá, er í framhaldi af henni gengur út á Reykjanes.“

Aðilar máls þessa reisa kröfur sínar um mörk afrétta einkum á lýsingum Þórðar Sveinbjörnssonar, sýslumanns í Árnessýslu, og Ólafs Hannessonar Finsen, sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, ásamt landakorti Björns Gunnlaugssonar, mældu og teiknuðu árið 1831, en út gefnu síðar, og telja, að uppdráttur Björns gefi rétta mynd af sýslumörkum, eins og þau hafi verið frá ómunatíð.

Telja verður, að þarna hafi yfirvöld verið að ákvarða þau mörk, er þau töldu réttust milli sýslanna, og má ætla, að upplýsingar stiftamtmanns til Björns Gunnlaugssonar hafi verið í samræmi við bréf sýslumannanna og Björn Gunnlaugsson lagt þau til grundvallar við kortagerð sína. Verða því lýsingar sýslumannanna, svo langt sem þær ná, lagðar til grundvallar úrlausn þessa ágreinings ásamt korti Björns Gunnlaugssonar, að svo miklu leyti sem lýsingarnar og kortið samrýmast síðari tíma ákvörðunum.

Dómurinn telur, að bréf sýslumannanna staðfesti í raun, að þeir hafi ekki þekkt nákvæm mörk á milli sýslanna á þrætusvæðinu í máli þessu, og því gat Björn Gunnlaugsson ekki dregið nákvæm mörk eftir þessum lýsingum sýslumannanna. Á uppdrátt sinn frá 1831 dregur Björn mörkin sem næst beina línu milli Vífilfells og eftir Bláfjöllum í Sýslusteina undir Geitahlíð. Það, að mörkin lenda svo vestarlega, stafar af því, að Björn Gunnlaugsson virðist hafa dregið Bláfjöllin fríhendis inn á uppdráttinn, og hefur suðurhluti Bláfjalla verið staðsettur mun vestar en rétt er.

Þegar ráðið er í, hvernig skilja beri lýsingarnar, verður fyrst fyrir að skýra orðin, en í lýsingu Þórðar Sveinbjörnssonar sýslumanns frá 11. janúar 1832 segir orðrétt um mörkin:

„Fra sysslusteinar under Geitahlyd over Fieldet i Nærheden af Vifilfell til den Store Steen ...“

Og í lýsingu Ólafs Hannessonar Finsen sýslumanns frá 12. apríl 1832 segir um mörkin:

„...det aldrig har været Tvivl underkastet at det sydligste Mærke er de saakaldte „Sysslusteinar“, imellem Krisevig og Herdysarvig sønden for den Fieldegn som adskiller Sysseleerne“.

Þegar sýslumennirnir tala um „Field“ og „Fieldegn“, eru þeir báðir að

tala um sama hlutinn, þ. e. „Fieldet = fjallgarðinn“ og „Fieldegn = fjalllendið“, sem aðskilji sýslunnar. Það er álit dómsins, að þarna sé átt við fjalllendið, en ekki einstakt fjall, enda hefði þá verið eðlilegt að nefna fjallið berum orðum. Með öðrum orðum ákveða þeir ekki nákvæm landamerki á milli Sýslusteina undir Geitahlíð og í Vífilfell (eða Lyklafell), heldur segja, að fjalllendið eða fjallgarðurinn, sem aðskilur sýslunnar, sé mörk.

Eins og áður hefur verið sagt, er dómurinn þeirrar skoðunar, að þarna sé átt við fjallendi eða fjallgarð, og fari því ekki á milli mála, að þarna sé verið að vísa til Bláfjallahryggjarins, en ekki til einstaks fjalls, þegar í lýsingu Þórðar sýslumanns Sveinbjörnssonar segir: „over Fieldet i Nærheden af Vífilfell“. Kemur að auki til, að bæði Rauðuhjúkar og þó einkum Stóra-Kóngsfell eru svo afgerandi kennileiti, að örðugt er að ímynda sér, að þau hefðu ekki verið tilgreind sem markapunktur á milli afréttarlandanna, ef svo hefði átt að vera. Ekki verður séð, að þessi kennileiti séu tilgreind sem markapunktur fyrr en á herforingjaráðskortum frá upphafi þessarar aldar, og ekki hefur verið upplýst, hvaða heimildir hafi legið þar til grundvallar.

Samkvæmt framansögðu verður að ætla, að hvorki verði talið, að tilgreining Björns Gunnlaugssonar á umræddum mörkum á téðum uppdrætti hafi verið á svo traustum heimildum reist, né úrvinnsla Björns, innfærsla inn á uppdráttinn, hafi verið með þeim hætti, að breyti þeirri nærtækustu ályktun, að hann hafi, úr því að ekki var öðru til að dreifa, einfaldlega dregið beina línu milli tveggja punkta, er hann taldi ágreiningslausu, Vífilfells í norðri og Sýslusteins undir Geitahlíð í suðri.

Pótt ekki liggi fyrir, að uppdráttur Björns hafi hlotið staðfestingu þeirra aðila, er landsréttindi áttu að markalínu þeirri, er hann dró, eða stjórnvalda, og ljóst sé, að honum var ekki þinglýst, hefur uppdrátturinn, auk framangreinds sönnunargildis, réttaráhrif vegna tómlætis aðila um mótmæli og þess, að menn hafa farið að treysta honum sem vafalausri heimild, en sem fyrr segir, dregur Björn sýslumarkalínuna yfir hæst Bláfjöll.

Líta má svo á, að lýsing Páls Melsted, sýslumanns í Árnessýslu, frá 1842 styðji línu þá, er Björn hefur dregið á uppdráttinn, en hann segir, að sýslumörkin gangi frá Sýslusteini undir Geitahlíð „beina stefnu yfir fjallið nálægt Vífilfelli til ens stóra steins austan undir Lyklafelli, sem nefnist Sýslusteinn“. Hugsanlegt er, að Páll sýslumaður hafi séð kort Björns og sé að vísa til þess. Þórður Jónsson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, vísar einfaldlega til þess árið 1852, að mörkin sjáist á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, telur dómurinn, að með rannsókn Kriegers stiftamtmanns og úrvinnslu Björns Gunnlaugssonar hafi ekki

verið skorið úr því með nákvæmni, hvar merkjalínan lægi milli Sýslusteinanna; fyrst og fremst hafi verið staðfest, að hún lægi úr norðri frá Sýslusteinum við Lyklafell um Vífilsfell og yfir fjallendið án nánari tilgreiningar eða ákvörðunar á einstökum kennileitum og í Sýslustein undir Geitahlíð.

Síðari tíma heimildir um mörkin skýra nokkru nánar, hvernig þau hafa verið talin liggja.

Lýsing Arnarbælisþinga 1840 eftir séra Jón Matthíasson, prest í Arnarbæli, styður bæði þá málsástæðu gagnstefnenda, að mörkin séu um hrygg Bláfjalla, og þá málsástæðu aðalstefnanda, að Litla-Kóngsfell sé markapunktur, en þar segir:

„...og seinast í Kóngsfell, þaðan beygist stefnan yfir þveran Grindaskarðsveg eftir endilöngum Bláfjöllum allt til Vífilsfells“. Tilgreining séra Jóns á því, að stefnan beygist yfir þveran Grindaskarðsveg, tekur af tvímæli um, að hann á við Litla-Kóngsfell, en ekki Stóra-Kóngsfell, en hið síðarnefnda er fjarri Grindaskarðsvegi, öðru nafni Selvogsgötu. Lýsing séra Jóns er einnig mikilvæg af þeirri ástæðu, að hann segir mörkin liggja eftir endilöngum Bláfjöllum, og eykur það sönnunargildi lýsingar hans, að hann var prestur í Ölfusprestsumdæmi og lýsingin því sveitungum hans og sóknarbörnum í óhag miðað við kröfur aðalstefnanda.

Pinglýsing marka Almenningssskóga Álftnesinga, gerð að boði stiftamt-manns 1849, hefur þann annmarka, að þar er um einhliða gerning að ræða. Hún staðfestir einkanlega, að þar telja Álftnesingar suðurenda Bláfells eða Bláfjalla markapunkt, en þar segir:

„...af Húsfelli upp á Þríhnúka, þaðan í suðurenda Bláfells, á milli afrétta Álptanes- og Seltjarnarneshreppa. Á milli Gullbringu- og Árnessýslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell“.

Landamerkjabréf Herðisarvíkur, þinglesið 3. júní 1889, og landamerkjabréf Krýsuvíkur, dags. 14. maí 1890, sýna bæði, að eigendur jarðanna telja Litla-Kóngsfell merkjapunkt, en í því síðarnefnda segir: „sjónhending úr Kóngsfelli, sem er lág, mosavaxin eldborg umhverfis djúpan gíg á hægri hönd við þjóðveginn úr Selvogi til Hafnarfjarðar, örskammt frá veginum, í Seljabótarnef, klett við sjó fram“. Litla-Kóngsfell hefur þannig verið þinglýstur landamerkjapunktur í landamerkjabréfi Herðisarvíkur allt frá 1889 og Krýsuvíkur frá 1890.

Þá er ekkert komið fram, sem gerir tortryggilega þá frásögn séra Jóns Vestmanns í Vogsósum frá 1840 í lýsingu hans á Selvogspingum, að Kóngsfell það, sem í máli þessu hefur verið nefnt Litla-Kóngsfell og hann telur markapunkt, dragi nafn sitt af því, að í haustleitum hafi fjallkóngur í Selvogi skipt þar fólki í fjárleitir. Má þar auk þess nefna til, að ekki hefur sá

framburður Þórarins hreppstjóra og oddvita í Vogsósum verið vefengdur, er hann staðfesti, að sami háttur hefði verið hafður á svo lengi sem menn myndu, að leitum Selvogsinga hafi verið skipt við Litla-Kóngsfell.

Hinn 22. 11. 1873 var dæmt í aukarétti Árnæssýslu í máli Mosfellskirkju gegn Ófeigi, bónda á Nesjum í Grafningi, um hluta af mörkunum norðan þrætulandsins í máli þessu. Í þremur vitnisburðum í því máli er þó einnig vikið að mörkum á núverandi þrætulínu.

Ingimundur Gíslason á Ölfusvatni telur 29. júlí 1896 mörkin vera: „Sýslusteinn á Krísuvíkurbergi, þaðan fjöll norður í Kóngsfell, þá Lyklafell (hvar stór steinn stendur norðanvert við fellid, sem þeir kölluðu alltför Sýslusteinn), Borgarhóla og í Rjúpnagil. . .“

Á. Björnsson í Hvammkoti segir 9. sept. 1869 mörkin: „Sýslusteinn á Krísuvíkurbergi, þaðan fjöll norður í hæst Vífilfell, þá yfir Lyklafell, Borgarhóla og í Rjúpnagil. . .“

Guðmundur Jakobsson, sem hlýtur að hafa verið kunnugur smölun þrætulandsins úr báðum áttum, því að hann var fyrrum bóndi á Reykjum í Ölfusi og síðan bæði að Vatnsenda og Lambhúsum í Gullbringusýslu, segir hinn 21. apríl 1871 mörkin vera:

„. . .Sýslusteinn undir Geitahlíð og beina stefnu eptir háfjöllum til norðurs, sem þá væri um hæst Vífilfell“.

Nærtækt er að álykta af þessum þremur lýsingum, að í hinni fyrst töldu sé svo sem í öðrum lýsingum, sem fundist hafa, átt við Litla-Kóngsfell, þegar Kóngsfell er nefnt, svo sem í öðrum lýsingum, en við Bláfjallahrygginn, þar sem sagt er, að mörk liggja norður „fjöll“ eða „hárfjöll“.

Þegar allar framangreindar ritaðar heimildir eru hafðar í huga og jafnframt litið til þeirra afréttarnota, sem upplýst er, að málsaðilar, hvorir um sig, hafa haft af þrætulandinu, svo og til fjallskila á því og loks til þess, hvaða mörk megi teljast hagkvæm miðað við fyrri tíðar búskaparhætti, náttúruleg og glögg, verður það niðurstaða dómsins, að mörkin skuli dregin frá Vífilsfelli eftir hæstu tindum Bláfjalla í suðurenda þeirra, allt í samræmi við dómkröfur Reykjavíkurborgar og varakröfur annarra gagnstefnenda, síðan frá suðurenda Bláfjalla í Litla-Kóngsfell og síðan eftir þinglýstri landamerkjalinu í umsömdu landamerkjabréfi Grindvíkinga og Selvogsinga frá 1980 úr Litla-Kóngsfelli í Sýslusteinn undir Geitahlíð og í sjó fram við Seljabótarnef, allt eftir þeirri hnitasetningu, er í dómsorði greinir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Torfason dómstjóri og meðdómsmennirnir Már Pétursson og Skúli J. Pálmason héraðsdómarar.

D ó m s o r ð:

Mörk afrétta aðalstefnanda og aðalstefndu skulu dregin úr stöpli á Vífilselfelli, hnit ($x=673735,25$, $y=397742,27$), eftir hæstu tindum Bláfjalla, hnit ($x=673420$, $y=397420$), ($x=673520$, $y=397240$), ($x=673840$, $y=397250$), ($x=674450$, $y=396760$), ($x=675300$, $y=395680$), ($x=675330$, $y=395530$), ($x=674550$, $y=394250$), ($x=676630$, $y=392450$), í suðurenda þeirra, ($x=678650$, $y=390290$), allt í samræmi við dómkröfur Reykjavíkurborgar og varakröfur annarra gagnstefnanda, síðan frá suðurenda Bláfjalla í Litla-Kóngsfell, hnit ($x=682799,02$, $y=389997,37$), og síðan eftir þinglýstri landamerkjalinu í umsömdu landamerkjabréfi Grindvíkinga og Selvogsinga frá 1980 úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein, hnit ($x=692530,30$, $y=378922,92$), undir Geitahlíð og í sjó fram við Seljabótarnef, hnit ($x=692601,91$, $y=376522,84$).

Málskostnaður fellur niður.
